




Ársskýrsla safnaráðs 2020

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Ávarp framkvæmdastjóra	5
I. Safnaráð - hlutverk og ráðsmenn.....	6
Hlutverk ráðsins	6
Ráðsmenn og framkvæmdastjóri.....	7
Aðalfulltrúar	7
Varafulltrúar.....	7
Fulltrúar höfuðsafna	7
Framkvæmdastjóri og starfsfólk safnaráðs	7
II. Starf ráðsins á árinu 2020	8
Fundir ráðsins	8
Skrifstofa safnaráðs.....	9
Vefsíða safnaráðs.....	9
Uppgjör safnasjóðs 2020	9
Stefnumörkun um safnastarf	11
Önnur stefnumótun sem safnaráð tók þátt í.....	11
Safnastefna Listasafns Íslands á sviði listminja.....	11
Stefnumótun Minjastofnunar um varðveislu menningarminja	12
Menningarstefna ríkisins til 2030.....	12
Önnur verkefni safnaráðs	12
Tillaga um lagabreytingu á safnalögum	12
Samstarfsverkefni safnaráðs	12
MOI! Museums of Impact	12
Samstarf safnaráðs, ICOM á Íslandi og Félags íslenskra safna og safnmanna um skipulag fræðslu- viðburða og verkefna um safnastarf.....	13
Samstarf við Hagstofu Íslands um söfnun tölfraðiupplýsinga um söfn.....	13
III. Áhrif COVID-19 á safnastarf	14
Frestur á nýtingu styrkja.....	15
Tvær aukaúthlutanir úr safnasjóði 2020.....	15
Skýrsla um áhrif COVID-19 á safnastarf – samstarf við FÍSOS og ICOM.....	15
Eftirfylgni skýrslu um áhrif COVID-19 á safnastarf	16
Viðbrögð og tilkynningar safnaráðs til safna vegna hertra samkomutakmarkana	18
IV. Safnasjóður 2020.....	20
Um safnasjóð	20
Umsóknavefur safnasjóðs.....	21
Mat umsókna.....	21
Aðalúthlutun úr safnasjóði 2020.....	22
Ársskýrsla safnaráðs 2020	3

Styrkir til eins árs	23
Öndvegisstyrkir.....	23
Fyrri aukaúthlutun úr safnasjóði 2020	24
Seinni aukaúthlutun úr safnasjóði 2020	24
V. Viðurkenning safna.....	25
Skilmálar viðurkenningar safna	25
Viðurkenning safna 2020.....	26
Nýtt viðurkennt safn og sameining tveggja viðurkenndra safna í eitt	26
Stofnskrár viðurkenndra safna	26
Listi yfir viðurkennd söfn 2020	27
VI. Eftirlitshlutverk safnaráðs.....	29
1. hluti eftirlits - Eftirlit með rekstri safns	29
2. hluti eftirlits - Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum	30
3. hluti eftirlits - Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum.....	30
Nýting styrkja úr safnasjóði.....	31
Nýtingarskýrslur styrkja úr aðalúthlutun.....	31
Nýtingarskýrslur styrkja úr aukaúthlutun.....	31
Málefni einstakra safna	31
A. Viðauki - úthlutanir úr safnasjóði 2020.....	33
i. Listi yfir úthlutanir úr safnasjóði 2020	33
ii. Greining á úthlutun úr safnasjóði 2020.....	42
Skipting eftir úthlutunum	42
Skipting eftir tegund safns.....	43
Skipting eftir landshlutum	43
Hvaða starfsemi safna styrkti safnasjóður 2020?.....	44
iii. Safnasjóður 2002-2020.....	45
B. Viðauki - upplýsingar um rekstur safna og faglegt starf viðurkenndra safna á Íslandi 2019	46
i. Eignarhald/rekstrarform	46
ii. Rekstrartekjur.....	47
iii. Rekstrargjöld.....	49
i. Aðgangseyrir	50
ii. Gestafjöldi	50
Gestafjöldi eftir landsvæðum	50
Erlendir gestir samanborið við innlenda.....	50
iii. Starfsmannamál	52

Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2020 var ár áskorunar fyrir heiminn. Faraldur COVID-19 hófst snemma á árinu og gekk yfir heimsbyggðina og ekki er enn útséð hvenær honum lýkur. COVID-19 umbreytti öllum áætlunum og áhrif voru mikil á starfsemi safna. Sem dæmi þurftu söfn að horfast í augu við lokanir safna, tekjufall vegna færri gesta, breytingu á starfshögum vegna sóttvarnatakmarkanna og jafnvel fækkun starfsfólks. Þrátt fyrir mikið tekjufall safna, nýttust úrræði stjórnvalda ekki söfnum og veitti ríkissjóður viðurkenndum söfnum engan beinan fjárhagsstuðning árið 2020. Safnaráð brást við því með því að hafa tvær aukaúthlutanir úr safnasjóði. Sú fyrri var hugsuð sem viðbragð við tekjutapi safnanna og fór sú úthlutun fram í júní og svo hefðbundin aukaúthlutun var í desember 2020.

Hjá skrifstofu safnaráðs snerust verkefni ársins að miklu leyti um viðbrögð við breyttri heimssýn, fundir fóru fram í netheimum og vinnu sinnt að heiman þegar þess þurfti. Á árinu hóf nýr starfsmaður, Klara Þórhallsdóttir, störf á skrifstofu safnaráðs. Skrifstofan sinnti upplýsingagjöf til safna vegna faraldursins og einnig hagsmunagæslu. Safnaráð stóð að tveimur könnunum um áhrif COVID-19 á safnastarf í samstarfi við ICOM á Íslandi og FÍSOS.

Áfram var unnið að Stefnumörkun um safnastarf, en útgáfu hennar var frestað til 2021 vegna aðstæðna. Auk þess tók framkvæmdastjóri safnaráðs þátt í stefnumótun Minjastofnunar um varðveislu menningarminja, Safnastefnu Listasafns Íslands á sviði listminja og sat í starfshóp um *Menningarstefnu stjórnvalda til 2030*.

Framlög í safnasjóð hækkuðu umtalsvert á milli 2019 og 2020, eða um rúmar 100 milljónir króna og voru 249 millj.kr. fyrir árið 2020. Þessi aukna fjárveiting er til frambúðar og er mikið fagnaðarefni, eykur hún möguleika safnasjóðs til muna að styðja við faglegt safnastarf í landinu á næstu árum.

Árið 2020 úthlutaði mennta- og menningarmálaráðherra alls 234.833.950 kr. úr safnasjóði, en er það hæsta úthlutun frá stofnun safnasjóðs. Þrjár úthlutanir voru úr safnasjóði að þessu sinni, í stað tveggja eins og venja er. Í aðalúthlutun safnasjóðs árið 2020 í mars voru veittar alls 177.243.000 kr. Veittir voru 111 styrkir til eins árs að heildarupphæð 139.543.000 kr. Í fyrsta skipti voru veittir *Öndvegisstyrkir* úr safnasjóði, en það eru styrkir til 2-3 ára til viðurkenndra safna. 13 styrkir voru veittir, úthlutun ársins 2020 var 37.700.000 kr. og er heildarupphæðin fyrir styrktímann 110.400.000 kr. Í fyrri aukaúthlutun safnasjóðs 2020 í júlí var veitt alls 40.124.000 kr. til 37 viðurkenndra safna til eflingar á faglegu starfi safnanna. Í seinni aukaúthlutun safnasjóðs 2020 í desember var veitt alls 17.466.950 kr. til 35 viðurkenndra safna.

Árið 2020 var síðasta starfsár sitjandi safnaráðs og er því þakkað fyrir gott og gjöfult samstarf síðustu fjögur ár, en 200. safnaráðsfundur var síðasti fundur þessa safnaráðs. Nýtt safnaráð, skipað 2021-2024 tekur til starfa 1. janúar 2021.

Þóra Björk Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri safnaráðs



I. Safnaráð - hlutverk og ráðsmenn

Hlutverk ráðsins

Safnaráð er stjórnsýslunefnd sem skipuð er af mennta- og menningarmálaráðherra til fjögurra ára í senn samkvæmt safnalögum nr. 141/2011.

Megin hlutverk safnaráðs er að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu, vinna að stefnumörkun um safnastarf, fjalla um stofnskrár og viðurkenningar safna og veita umsagnir um styrkumsóknir í safnasjóð.

Safnaráð hefur eftirfarandi hlutverk samkvæmt 7. gr. safnalaga nr. 141/2011:

- a. að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu,
- b. að vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er ráðherra til samþykktar,
- c. að fjalla um stofnskrár eða samþykktir safna og staðfesta þær,
- d. að fjalla um viðurkenningu safna og afturköllun viðurkenningar áður en tillögur þar að lútandi eru sendar ráðherra,
- e. að setja skilmála um húsnæði safna, þar á meðal staðla um aðgengi, og öryggismál þeirra,
- f. að setja skilmála um staðla fyrir skráningarkerfi safna og viðurkenningu á skráningar-kerfum,
- g. að veita viðkomandi höfuðsafni umsögn um erindi er varða ráðstöfun eða förgun safn-gripa,
- h. að leggja mat á þörf fagsviðs eða landsvæðis fyrir sérstakt ábyrgðarsafn og fjalla um til-lögu þar að lútandi áður en höfuðsafn sendir hana ráðherra,
- i. að setja safnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
- j. að veita umsögn um styrkumsóknir úr safnasjóði,
- k. að sinna öðrum verkefnum á sviði safnamála samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Ráðsmenn og framkvæmdastjóri

Núverandi safnaráð var skipað í janúar 2017 og mun starfa til 31. desember 2020.

Aðalfulltrúar

Formaður, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar:
Dr. Ólafur Kvaran, listfræðingur og prófessor emeritus við Háskóla Íslands.

Varaformaður, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar:
Anna Sigríður Kristjánsdóttir viðskiptafræðingur.

Fulltrúi, skipaður af Sambandi íslenskra sveitarfélaga:
Sigríður Björk Jónsdóttir, byggingarlistasögufraeðingur og sviðsstjóri hjá Skipulagsstofnun.

Fulltrúi, tilnefndur af Félagi íslenskra safna og safnmanna:
Haraldur Þór Egilsson, sagnfræðingur og forstöðumaður Minjasafnsins á Akureyri.

Fulltrúi, tilnefndur af Íslandsdeild ICOM, Alþjóðaráðs safna:
Helga Lára Þorsteinsdóttir, safnafræðingur og safnstjóri RÚV safns.

Varafulltrúar

Skipaðar af ráðherra án tilnefningar: Valborg Snævarr og Birta Guðjónsdóttir.

Tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Magnús Karel Hannesson.

Tilnefnd af Félagi íslenskra safna og safnmanna: Gunnþóra Halldórsdóttir.

Tilnefndur af Íslandsdeild ICOM, Alþjóðaráðs safna: Sigurður Trausti Traustason.

Fulltrúar höfuðsafna

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður.

Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Listasafns Íslands.

Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúru-minjasafns Íslands.

Framkvæmdastjóri og starfsfólk safnaráðs

Þóra Björk Ólafsdóttir, viðskiptafræðingur BSc., safnafræðingur MA.

Klara Þórhallsdóttir, BA í myndlist, diplóma í kennslufræðum, er sérfræðingur á skrifstofu safnaráðs í 20-40% starfshlutfalli.



II. Starf ráðsins á árinu 2020

Starf og verkefni safnaráðs árið 2020 einkenndust af COVID-19, sem hafði þær afleiðingar að verkefni frestuðust, breyttust í inntaki og eðli eða urðu alfarið á stafrænum vettvangi. Nánar er fjallað um þetta á bls. 14 í kaflanum „Áhrif COVID-19 á safnastarf“. Þau verkefni sem bættust við voru að mestu viðbrögð við ástandinu. Sem dæmi frestaðist MOI! verkefnið um nokkra mánuði og ráðstefnur eða námskeið voru sótt með stafrænum hætti. Viðamesta verkefni ráðsins á árinu, fyrir utan viðbrögð við COVID-19, var *Stefnumörkun um safnastarf*.

Fundir ráðsins

Safnaráð hélt alls tólf fundi á árinu og ein samþykkt var á milli safnaráðsfunda sem færð var sérstaklega til bókar þar sem hún var eitt síðasta embættisverk ráðsins. Vegna samkomutakmarkana var meirihluti þeirra haldinn í fjarfundi, a.m.k. fyrir hluta ráðsmanna.

Fundargerðir safnaráðs eru aðgengilegar á vef ráðsins - <https://safnarad.is/um-safnarad/fundargerdir/arid-2020/>.

Eftirfarandi fundir voru haldnir árið 2020:

- 189. fundur safnaráðs – 21. janúar 2020, haldinn í Safnahúsinu
- 190. fundur safnaráðs – 15. febrúar 2020, *úthlutunarfundur aðalúthlutunar*, haldinn í Safnahúsinu
- 191. fundur safnaráðs – 6. mars 2020, haldinn í Safnahúsinu
- 192. fundur safnaráðs – 16. apríl 2020, haldinn í fjarfundi
- 193. fundur safnaráðs – 26. maí 2020, haldinn í Safnahúsinu og í fjarfundi
- 194. fundur safnaráðs – 19. júní 2020, *úthlutunarfundur fyrri aukaúthlutunar*, haldinn í Safnahúsinu
- 195. fundur safnaráðs – 2. júlí 2020, haldinn í Safnahúsinu og í fjarfundi
- 196. fundur safnaráðs – 10. september 2020, haldinn í Safnahúsinu
- 197. fundur safnaráðs – 20. október 2020, haldinn í fjarfundi
- 198. fundur safnaráðs – 20. nóvember 2020, haldinn í Safnahúsinu
- 199. fundur safnaráðs – 20. nóvember 2020, *úthlutunarfundur seinni aukaúthlutunar*, haldinn í Safnahúsinu
- 200. fundur safnaráðs – 17. desember 2020, haldinn í fjarfundi

Ein samþykkt var gerð eftir síðasta safnaráðsfund, þann 21. desember 2020, um neyðaraðstoð til Tæknimínjasafns vegna aurskriða.

Skrifstofa safnaráðs

Safnaráð rekur skrifstofu og sér framkvæmdastjóri safnaráðs um allt er lýtur að rekstri hennar, veitir innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um safnamál, undirbýr og heldur utan um umsóknarferli í safnasjóð, skipuleggur eftirlit safnaráðs og eftirfylgni við það, heldur utan um starfshópa safnaráðs, sinnir vefsíðu, Facebook-síðu, viðburðum og útgáfu, undirbýr ákvarðanir og fundi og sinnir framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Í mars 2020 var ráðinn sérfræðingur á skrifstofu ráðsins, Klara Þórhallsdóttir, og var hún í 20-40% starfi eftir atvikum. Klara hefur umfangsmikla reynslu af starfi innan safna, m.a. hjá Lista-safni Reykjavíkur og Hafnarborg. Klara starfar hjá safnaráði meðfram núverandi stöðu sinni sem verkefnastjóri hjá Kynningarmiðstöð Íslenskrar myndlistar.

Skrifstofa safnaráðs er í Gimli, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík. Safnaráð leigir skrifstofuaðstöðu af Listahátíð í Reykjavík og kaupir tölvuþjónustu af Origo.

Vefsíða safnaráðs

Vefsíða safnaráðs, <https://safnarad.is/>, er rekin í WordPress kerfi. Viðhaldi og ritstjórn er sinnt af framkvæmdastjóra og sérfræðingi safnaráðs.

Vefsíðan er uppfærð reglulega og á henni birtast allar fréttatilkynningar, auglýsingar og fundargerðir sem ráðið sendir frá sér. Síðan er upplýsingaveita um starfsemi ráðsins en þar er einnig að finna tengil á umsóknavef safnaráðs, skilmála og reglur sem snúa að umsóknum til ráðsins.

Safnaráð heldur einnig úti Facebook-síðu, þar sem helstu upplýsingar eru birtar varðandi starfsemi ráðsins: <https://www.facebook.com/Safnarad>

Uppgjör safnasjóðs 2020

Mikil breyting varð á rekstrarstöðu sjóðsins á árinu, því fjárheimild safnasjóðs hækkaði um 107,8 m.kr. úr 142.500.000 kr. 2019 í 249.000.000 kr. fyrir árið 2020 og er það 75% hækkun á milli ára. Er líklegt að þessi hækkun verði til frambúðar, miðað við þær tölur sem fram koma í fjárlögum 2020 og 2021.

Safnasjóður hafði til umráða árið 2020 252.144.159 kr. Fjárlög hljóðuðu upp á 249.000.000 kr., fjáraulög voru -200.000 kr., afskriftir voru 237.048 kr. og afgangsfé til nýtingar frá árinu 2019 var 3.107.111 kr. Fékkst afgangsfé nýtt, því það var þegar nýtt, en aukaúthlutun 2019 var ekki bókuð að öllu leyti á það ár. Samtals bókuð heildargjöld safnasjóðs 2020 voru 253.071.149 kr. og er því niðurstaða ársins -926.990 kr.

Rekstur safnaráðs skiptist í launagjöld, annan rekstur og í lögbundin hlutverk. Launagjöld safnaráðs eru laun og launatengd gjöld vegna starfsmanna og nefndarlauna safnaráðs. Launakostnaður var alls 15,5 m.kr. árið 2020. Í kostnað vegna annars reksturs og húsnæðisreksturs fóru um 5,3 m.kr. Í því er falinn allur rekstur skrifstofu safnaráðs, húsnæðiskostnaður, tölvubúnaður, hugbúnaður og hugbúnaðarrekstur, sérfræðikostnaður ýmiss konar, kostnaður og ferðakostnaður vegna funda og starfsemi ráðsins, auglýsingakostnaður vegna safnasjóðs, auk kostnaðar vegna sérverkefna safnaráðs, þar með talinn kostnaður vegna viðburða og útgáfu safnaráðs ásamt öðrum ófyrirséðum kostnaði.

Kostnaður vegna lögbundins hlutverks safnaráðs árið 2020 voru tæpar 3,9 m.kr. Þeir kostnaðarliðir, sem teljast til lögbundins hlutverks ráðsins, eru meðal annars eftirlit með viðurkenndum söfnum, kostnaður vegna yfirlesturs umsókna í safnasjóð auk ýmiss fræðslukostnaðar, svo sem efni fyrir vefsíðu sjóðsins. Þessi hluti rekstursins var mun lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir, en eftirlit frestaðist að miklu leyti vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins.

Heildarúthlutun úr safnasjóði var nokkuð hærri en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir og var það viðbragð safnaráðs við ástandinu. Endanleg úthlutun úr safnasjóði var 229.833.950 kr. Þegar gert er ráð fyrir frestun á Öndvegisstyrk uppá 5 m. kr. Aðalúthlutun safnasjóðs 2020 var 172.243.000 kr., í fyrri aukaúthlutun voru veittar 40.124.000 kr. og í seinni aukaúthlutun voru veittar 17.466.950 kr.

Bókaðir styrkir á árinu voru þó lægri en veittir styrkir, eða 228.400.750 kr. Skýringin er sú að seinni aukaúthlutun 2020 er seint á árinu og því bókast margir þeirra styrkja ekki fyrr en 2021. Einnig hefur áhrif sú staðreynd að margir styrkþegar þurftu að fresta styrkverkefnum og jafnvel hætta við, en áhrif þess kemur ekki í ljós fyrr en 2021 eða 2022.

SAFNASJÓÐUR - 2020		
	Heimild	Greitt
Fjárheimildir		
Fjárlög	249.000.000	
Fjáraukalög	-200.000	
Afskriftir	237.048	
Flutt frá fyrra ári	3.107.111	
Tekjur MOI		
Rekstur - viðfang 02-918		
Greidd laun, fæðispeningar, launatengd gjöld		15.500.725
Lögbundin hlutverk safnaráðs		3.860.105
Annar rekstur		3.686.890
Húsnæðiskostnaður skrifstofu safnaráðs		1.622.679
Samtals bókaðir styrkir 2020		228.400.750
Samtals heimild 2020	252.144.159	
Samtals greitt og bókað 31. desember 2020		253.071.149
Eftirstöðvar:		-926.990

Stefnumörkun um safnastarf

Stærsta einstaka verkefni safnaráðs árið 2020 var vinna við *Stefnumörkun um safnastarf* í samstarfi við höfuðsöfnin.

Í safnalögum nr. 141/2011 segir að eitt af verkefnum safnaráðs sé: „...b) að vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er ráðherra til samþykktar“. Unnin var hugmyndavinna um stefnumörkun um safnastarf árin 2013-2015 og árið 2018 fjallaði safnaráð um framhald þeirrar vinnu og samstarf við höfuðsöfn í því sambandi. Á 182. fundi safnaráðs í apríl 2019 var samþykkt að setja á laggirnar stýrihóp til vinna að stefnumörkun safnaráðs um safnastarf.

Safnaráð og höfuðsöfnin unnu að stefnumörkuninni undir stjórn [ráðgjafarfyrirtækisins Sjá](#) sem hafði umsjón með verkþáttum stefnumörkunarinnar f.h. safnaráðs og í góðu samstarfi við fagaðila í safnastarfi. Stefnumörkunin var unnin í ítarlegu samráði við hagaðila, bæði með fundarhöldum, spurningakönnun og kynningum á Fjarskóla safnmanna. Þessi vinna tafðist nokkuð vegna COVID-19 en upphaflega stóðu vonir til þess að hún yrði tilbúin um mitt árið 2020. Í vinnunni var m.a. lögð áhersla á að stefnumörkunin myndi horfa til allra þátta safnastarfs í landinu auk þess að hún tæki mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Það er von safnaráðs að náðst hafi að skilgreina vel mikilvægustu þætti safnastarfs og hver áherslan skuli vera á næstu árum. *Stefnumörkun um safnastarf* var samþykkt á 200. safnaráðsfundi í desember 2020 og send ráðherra til samþykktar í kjölfarið.

Í stýrihópnum sátu:

- Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs, fyrir hönd safnaráðs
- Helga Lára Þorsteinsdóttir, aðalmaður í safnaráði, fyrir hönd safnaráðs
- Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands
- Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands
- Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður

Önnur stefnumótun sem safnaráð tók þátt í

Safnastefna Listasafns Íslands á sviði listminja

Stefnumörkun safnaráðs um safnastarf skal vinna í samvinnu við safnastefnu höfuðsafnanna. Í 8. grein safnalaga segir: „Höfuðsöfn eru þrjú: Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Þau eru öðrum söfnum til ráðgjafar og skulu stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði.“ Þjóðminjasafn Íslands gaf út þriðju safnastefnu sína¹ í apríl 2017 og Náttúruminjasafn Íslands er langt komið með vinnu við safnastefnu á sviði náttúruminja.

Listasafn Íslands hóf á haustmánuðum 2019 vinnu við mótun samræmdrar safnastefnu á sviði myndlistar og framtíðarsýnar fyrir viðurkennd listasöfn og listasöfn í eigu ríkisins. Verkefnið var unnið í samvinnu við ráðgjafarfyrirtækið Sjá ehf.

Samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar er ætlað að styðja við starfsemi listasafna á Íslandi og stuðla að sameiginlegri framtíðarsýn. Listasafn Íslands, sem höfuðsafn, ber ábyrgð á því að unnið sé að þessari sameiginlegu stefnu og fær hagsmunaaðila að borðinu.

Myndaður var stýrihópur sem hélt utan um verkefnið og mótaði ramma utan um það. Hópurinn skilgreindi markmið stefnunnar, setti saman verkáætlun og leiddi verkefnið. Stýrihópin skipuðu Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, Dagný Heiðdal, varðveisl- og skráningarstjóri í Listasafni Íslands og Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs. Safnastefnan var gefin út í upphafi ársins 2021 og má sjá afraksturinn á <https://stefnalistasafna.is/>.

1 Sjá: https://www.thjodminjasafn.is/media/utgafa/Thjodm_A4_Safnastefna_2017_WEB_120dpi.pdf

Stefnumótun Minjastofnunar um varðveislu menningarminja

Minjastofnun hefur það hlutverk að gera tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningarminja. Framkvæmdastjóri safnaráðs sat í stýrihóp ásamt fulltrúum tíu annarra menningarstofnana og var tillögu til ráðherra skilað í lok ársins.

Menningarstefna ríkisins til 2030

Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs var skipuð af mennta- og menningarmálaráðuneyti í starfshóp um *Menningarstefnu stjórnvalda til 2030*. Hópurinn tók til starfa í desember árið 2020 og átti að ljúka störfum á fyrstu mánuðum ársins 2021.

Önnur verkefni safnaráðs

Tillaga um lagabreytingu á safnalögum

Í desember 2020 sendi safnaráð tillögu til mennta- og menningarmálaráðuneytis um lagabreytingu á 4. mgr. 22.gr. safnalaga nr. 141/2011. Sú grein hljóðar svo nú: „Önnur söfn, safnvísar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn. Skal hið viðurkennda safn vera aðalumsækjandi og ábyrgðaraðili verkefnisins. Höfuðsöfn og önnur söfn sem eru rekin af ríkinu geta átt aðild að slíkum verkefnum.“

Safnaráð gerir þá tillögu að bætt verði við í 4. mgr. 22.gr. safnalaga að höfuðsöfn geti verið aðalumsækjendur og ábyrgðaraðilar stærri samstarfsverkefna við viðurkennd söfn.

Samstarfsverkefni safnaráðs

MOI! Museums of Impact



Safnaráð hefur verið þátttakandi í verkefninu *MOI! Museums of Impact* sem er evrópskt samstarfsverkefni styrkt af Creative Europe sjóðnum. Verkefnið miðar að því að þróa sjálfsmatslíkan fyrir evrópsk söfn, byggt á kerfi sem Finnish Heritage Agency hefur notað fyrir viðurkennd finnsk söfn. Eftirfarandi 11

evrópskar stofnanir eru samstarfsaðilar verkefnisins:

Finnish Heritage Agency (Museovirasto), Finnland sem stýrir verkefninu; BAM! Strategie Culturali, Ítalía; Hellenic Ministry of Culture and Sports (gríska menningar- og íþróttamálaráðuneytið), Grikkland; Deutscher Museumsbund /NEMO Network of Museum Organisations, Þýskaland; Museum of Cycladic Art, Grikkland; Estonian National Museum/Eesti Rahva Muuseum, Eistland; Finnish Museums Association, Finnland; European Museum Academy, Holland; Safnaráð, Ísland; Stiftung Preussischer Kulturbesitz SPK, Þýskaland og MUSIS Steirischer Museumsverband, Austuríki

Hægt er að lesa um verkefnið á síðu þess: <https://www.museovirasto.fi/en/museum-sector-development/moi-museums-of-impact>

Á árinu 2020 hófst verkefnið af krafti með fundi allra samstarfsaðila í Helsinki í byrjun ársins en COVID-19 gerði það að verkum að fresta þurfti nokkrum viðburðum og fundarhöldum og færa þá á netið. Verkefnastjórn þurfti að endurhugsa verkefnið með það fyrir augum að geta haldið því áfram á netinu og sótti safnaráð marga fundi vegna þess á árinu. Fyrsti veffundur (workshop) með hagsmunaaðilum (söfnum og safnatengdum stofnunum) var haldinn í Berlín í byrjun nóvember fyrir söfn í Þýskalandi og nágrannalöndum og annar fundur með ítölskum söfnum var haldinn í Bologna á Ítalíu í desember.

Samstarf safnaráðs, ICOM á Íslandi og Félags íslenskra safna og safnmanna um skipulag fræðslu- viðburða og verkefna um safnastarf.

Safnaráð samþykkti á 200. safnaráðsfundi að formgera samstarf á milli ICOM á Íslandi og FÍSOS, enda er góð reynsla af því í verkefnum þessa árs. Samstarfið mun felast í einum til tveimur viðburðum eða verkefnum á ári og mun þessi hópur fá fleiri aðila úr safnageiranum að verkefnunum, eftir eðli og umfangi þeirra.

Á 185. safnaráðsfundi ákvað ráðið að fara í samstarf við FÍSOS og ICOM Ísland um umræðufundi um nýja safnaskilgreiningu ICOM. Pallborðsfundur var haldinn miðvikudaginn 4. mars í Sjóminjasafninu í Reykjavík. Hin nýja safnaskilgreining var kynnt á aðalfundi Alþjóðaráðs safna sem haldinn var í Kyoto í Japan í september 2019. Niðurstaða fundarins var að fresta kosningu um skilgreininguna og kalla eftir frekari ábendingum frá félagsmönnum um innhald skilgreiningarinnar. Jette Sandahl, formaður nefndar um hina nýja safnaskilgreiningu, flutti erindi á fundinum í Sjóminjasafninu og skýrði þá vinnu sem þegar hefur átt sér stað og hvert markmið núverandi vinnuhóps er um efnið. Aðrir í pallborði voru Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, doktorsnemi í safnafræði og Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræði í H.Í. Rúmlega 60 manns sóttu fundinn sem einnig var streymt beint.

Samstarf við Hagstofu Íslands um söfnun tölfraeðiupplýsinga um söfn

Safnaráð og Hagstofa Íslands gengu frá formlegu samstarfi um söfnum tölfraeðilegra upplýsinga um safnastarf á Íslandi. Samstarfið byggir á því að Hagstofan fái ákveðnar upplýsingar sem safnaráð fær frá viðurkenndum söfnum í *Arlegri skýrslu viðurkenndra safna* og birtir undir Talnaefni á vefsíðu sinni. Einnig mun safnaráð fá aðgang að öðrum tölfraeðilegum upplýsingum um safnastarfsemi á landinu, sem Hagstofan safnar. Þetta er framfaraskref fyrir viðurkennd söfn, þar sem þau þurfa því ekki að skila sérstakri skýrslu til Hagstofunnar.

Hagstofan safnar tölulegum upplýsingum um íslenskt samfélag og má finna birtar upplýsingar um starfsemi safna [hér](#).

III. Áhrif COVID-19 á safnastarf

24. mars 2020

SAFNIÐ ER LOKAÐ Á MEÐAN SAMKOMUBANN STENDUR YFIR THE MUSEUM IS CLOSED DUE TO BAN ON GATHERINGS

Kæru gestir: Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið, í samræmi við tillögu sóttvamalæknis, að takmarka samkomur enn frekar vegna hraðari útbreiðslu COVID-19 í samfélaginu frá og með 24. mars. Í ljósi þess lokar safnið þar til samkomubanni hefur verið aflétt eða breytt.

Á opnum útsvæðum safna, t.d. í görðum þeirra, þurfa gestir að tryggja að nánd milli manna verði að lágmarki tveir metrar.

Dear guests: The Icelandic government has announced a ban on gatherings of 20 people or more, starting Tuesday 24 March. All museums will be closed for the duration of the ban.

In accessible public spaces belonging to the museum, i.e. gardens, visitors must ensure that a distance of at least two (2) metres is maintained between individuals.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur með hækandi sól
We look forward to seeing you at another time

Safnaráð – The Museum Council of Iceland
<https://safnarad.is/>



Söfnin stóðu fram fyrir mikilli áskorun á árinu vegna COVID-19 faraldursins sem skapaði fordæmalaus stöðu á alþjóðavísu. Tekjufall vegna færri gesta, lokanir, breytingar á áætlunum og starfshögum og jafnvel fækkun starfsfólks eru einungis nokkur dæmi um þær áskoranir sem söfn stóðu frammi fyrir. Söfn þurftu að bregðast við tilmælum og reglum stjórnvalda og gjörbreyta starfsemi sinni í takt við gildandi reglur og upplýsti safnaráð söfnin jafnóðum um

nýjar reglugerðir og áhrif á safnastarf. Söfnum var gert að loka frá og með 24. mars til 4. maí.

Þrátt fyrir þann mikla vanda sem söfnin stóðu frammi fyrir á árinu, unnu söfnin úr stöðunni á fjölbreyttan og skapandi hátt. Á fundi safnaráðs í apríl, lýsti ráðið yfir „...ánægju með viðbrögð safna við COVID-19, bæði hvað varðar nýsköpun í miðlun safnkosts og í safnfræðslu og í almennum viðbrögðum við stöðunni. Þau hafa tryggt áframhaldandi aðgengi, sýnt aðlögunarhæfni, eru úrræðagóð og hafa reynt af fremsta megni standa vörð um störf safnmanna“.

Safnaráð brást með ýmsum hætti við ástandinu, t.a.m. með samstarfi og fundarhöldum með ýmsum aðilum, með könnunum og skýrslugerðum auk þess sem COVID-19 hafði mikil áhrif á styrki og nýtingu styrkja úr safnasjóði. Safnaráð hvatti til samstöðu og samráðs milli safna um það hvernig hægt væri að bregðast við vegna faraldursins. Á árinu sendi safnaráð viðurkenndum söfnum upplýsingar um viðbrögð vegna COVID-19, bæði með tölvupóstum, á Facebook-síðu safnaráðs og á Facebook-síðu safnmanna. Á árinu 2020 voru 14 fréttir birtar á heimasíðu safnaráðs og 12 færslur á Facebook er tengjast COVID.

Frestur á nýtingu styrkja

Í mörgum tilfellum áttu styrkþegar í erfiðleikum með að hefja eða klára þau verkefni sem styrkir fengust fyrir úr safnasjóði. Flest voru þetta verkefni sem höfðu fengið styrkveitingu árið 2020 en einnig bar á því að styrkir frá árinu 2019 þurftu að fá fresti. Það átti sérstaklega við styrki úr aukaúthlutun safnasjóðs 2019. Flestir styrkþegar þurftu eingöngu að fá frest fyrir verkefni sín en einnig voru nokkur verkefni þar sem þurfti að breyta nýtingu styrksins, að einhverju leyti eða miklu.

Safnaráð brást við ástandinu með því að tilkynna til styrkþega að hægt væri að óska eftir fresti á nýtingu styrkja ef verkefnin frestuðust eða féllu niður vegna COVID-19. Ef sækja þurfti um frest þurfti eingöngu að óska þess með tölvupósti með upplýsingum um hvenær styrkurinn yrði nýttur. Ef sækja þurfti um breytingu á nýtingu styrks, þá var hægt að óska eftir því, að því gefnu að ný styrknýting samræmdist reglum um styrkinn.

Tvær aukaúthlutanir úr safnasjóði 2020

Úrræði stjórnvalda nýttust ekki söfnum og veitti ríkissjóður viðurkenndum söfnum engan beinan fjárhagsstuðning árið 2020 þrátt fyrir mikið tekjutap. Safnaráð brást við því með því að hafa tvær aukaúthlutanir úr safnasjóði. Sú fyrri var hugsuð sem viðbragð við tekjutapi safnanna og fór sú úthlutun fram í júlí 2020. Hún var eingöngu fyrir viðurkennd söfn og var til eflingar á faglegu starfi safnanna. Hvert viðurkennt safn gat sent inn eina umsókn og var hámarksupphæð hverrar tvær milljónir kr. Nánar má lesa um fyrri aukaúthlutun á bls. 24 og í viðauka.

Seinni aukaúthlutunin var í desember eins og venja er. Auk styrkja til símenntunar safna var boðið upp á styrki til stafrænna kynningarmála, sjá á bls. 24 og í viðauka A.

Skýrsla um áhrif COVID-19 á safnastarf – samstarf við FÍSOS og ICOM

Í samkomubanninu þróaðist gott og gefandi samstarf milli safnaráðs, FÍSOS (Félags íslenskra safna og safnmanna) og Íslandsdeildar ICOM (*International Council of Museums*) sem meðal annars leiddi til þess að gerð var könnun í maí á meðal viðurkenndra safna um áhrif heimsfaraldursins á safnastarf á Íslandi. Í kjölfarið voru niðurstöður könnunarinnar teknar saman í skýrslu sem var send til mennta- og menningarmálaráðuneytisins auk þess sem þær voru kynntar á haustfundi höfuðsafna. Skýrslan nefnist [Áhrif COVID-19 á safnastarf á Íslandi](#) og er að finna á vef safnaráðs.

Höfundar skýrslunnar eru Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður ICOM á Íslandi, Helga Maureen Gylfadóttir, formaður Félags íslenskra safna og safnmanna og Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs.

Markmið og framkvæmd

Markmiðið með könnuninni var að kalla eftir upplýsingum um þær áskoranir sem söfn stóðu skyndilega frammi fyrir og kanna líðan starfsfólks. Þá vildi safnaráð afla upplýsinga um rekstur safnanna, afla gagna fyrir ráðið og samstarfsaðila svo unnt væri að finna lausnir og auka stuðning við söfn. Auk þess var markmið að veita upplýsingum til viðeigandi hagsmunaaðila, ríkisstofnana og annarra stofnana.

Könnunin var send út 2. maí á safnstjóra viðurkenndra safna, höfuðsafnanna og tveggja ríkissafna. Safnaráð var ábyrgðaraðili könnunarinnar og varðveitti öll gögn. Könnunin var opin fram í byrjun júní, 48 söfn svöruðu könnuninni, 43 að öllu leyti og 5 að einhverju leyti. Af þeim söfnum sem svöruðu eru 26 söfn í eigu sveitarfélaga, 3 eru ríkisstofnanir og 14 eru sjálfseignarstofnanir. 23 söfn eru menningarminjasöfn, 11 eru listasöfn, 5 eru náttúruminjasöfn og 4 söfn eru með blandaða starfsemi.

Könnunin var gerð í fullu samráði og með samþykkt FÍSOS, ICOM og höfuðsafnanna. Einnig veittu fleiri aðilar aðstoð við gerð könnunarinnar. Safnaráð nýtti þessar upplýsingar að auki til að meta fjárþörf viðurkenndra safna og var það hluti af undirbúningi fyrir aukaúthlutun 2020.

Niðurstöður

Söfn áætluðu að þau verði fyrir miklum tekjumissi vegna COVID-19. Um er að ræða fordæmalaust ástand, enda hefur þróunin verið sú síðustu ár að söfn reiða sig í auknum mæli á þær tekjur sem fylgja ferðamönnum. Það má færa rök fyrir því að tekjur af ferðamönnum standi undir faglegu starfi margra viðurkenndra safna og jafnvel einhverra ríkissafna.

Í könnuninni kom fram að 43 safnstjórar áætluðu að heildartekjur ársins 2020 myndu breytast, þar á meðal framlög eigenda/ábyrgðaraðila og styrkir. 32 söfn (70% þeirra) gerðu ráð fyrir að minnsta kosti 25% tekjulækkun og 8 söfn (18% þeirra) gerðu ráð fyrir meira en 50% tekjulækkun. 17 söfn gera ráð fyrir að tekjur af aðgangseyri lækki um allt að 50%.

Af áætlunum sértekjum var ljóst að safnstjórar höfðu mestar áhyggjur af því að hlutur aðgangseyris minnki mikið. Söfn af öllum rekstrarformum deildu þeim áhyggjum. Áætlun tekjulækkun safnanna hljóðaði upp á allt að 200 milljóna króna lækkun í aðgangseyri og augljóst er að engin leið er fyrir safn að stoppa í viðlíka gat. Aðrar sértekjur minnka einnig en flest söfn gera ráð fyrir sama framlagi eigenda/ábyrgðaraðila og sömu styrkjum.

39 söfn svöruðu opinni spurningu um áætlaðan fjölda gesta fyrir árið 2020. Safnstjórar gera að meðaltali ráð fyrir 50% fækkun gesta hjá söfnum en tölurnar sem gefnar voru upp eru frá 11% fækkun upp í allt að 90% fækkun.

Söfnin í landinu brugðust með margvíslegum hætti við í samkomubanninu. Engir gestir komu á tímabilinu 23. mars til 4. maí. Eftir það var hvert og eitt safn opið miðað við aðstæður, í samræmi við stærð húsakynna og möguleika á að taka á móti gestum aftur. Eins og gefur að skilja, þurfti að hugsa reksturinn upp á nýtt; leggja áherslu á innra starf safnanna og finna nýjar raf-rænar leiðir til miðlunar.

Áætlunum var breytt í ljósi aðstæðna og greinilegt að skráningarvinna var sett í forgang; tæp 90% svarenda tilgreindi skráningarvinnu. Í kringum 80% safna vann að gerð stafræns miðlunar-efnis og birti á vef safnanna eða á samfélagsmiðlum. Tekið var til í geymslum og sýningar-búnaður og sýningar þrífarnar. Þá gafst tækifæri til að vinna að endurbótum á húsnæði. Um helmingur svarenda nefndi að unnið hefði verið í stefnumótunarverkefnum og að gerð fræðslu-efnis. Ljóst er að söfnin voru fljót að bregðast við með gerð nýs stafræns efnis og miðluðu því með fjölbreyttum og skapandi hætti. Vefir safnanna voru mjög vel nýttir en þó virðist Facebook hafa verið notuð mest með góðum árangri.

Eftirfylgni skýrslu um áhrif COVID-19 á safnastarf

Safnaráð sendi í október 2020 aðra könnun til viðurkenndra safna og ríkissafna þar sem óskað var eftir upplýsingum um rauntekjufall safnanna það sem af er ári, frá 1. janúar til 30. september, auk áætlunar um heildartekjur ársins. Einnig var spurt út í gestafjölda og starfsmannamál.

Nánast öll viðurkennd söfn og söfn í ríkiseigu gera ráð fyrir verulegu tekjufalli á þessu ári en þau söfn sem eru í verstu stöðunni eru söfn sem reiða sig að mestu á sjálfsaflafé. Flest þau söfn eru sjálfseignarstofnanir og þar af leiðandi ekki með beinar fjárveitingar frá eiganda.

Í könnuninni kom fram að stór hluti safna gerðu ráð fyrir að minnsta kosti fjórðungstekjufalli og 20% safna gerðu ráð fyrir meira en helmingstekjufalli. Hjá sumum sjálfseignarstofnunum sýna rauntölur fyrstu 8 mánaða ársins 70% lækkun tekna miðað við árið áður. Söfn reyna að bregðast við þessu með ýmsum hætti, m.a. með lækkuðu starfshlutfalli starfsmanna, fækkun starfsfólks, fáir eða engir sumarstarfsmenn voru ráðnir og í mörgum tilfellum var hætt við öll verkefni sem ekki höfðu fengist beinir styrkir til.

Af svörum 43 safna má áætla að heildartekjur verði a.m.k. 560 milljónum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Heildartekjur 8 safna standa í stað og heildartekjur 5 safna hækka eitt-hvað en það er iðulega vegna þess að heimtur á styrkjum voru betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. 27 söfn áætla lækkun heildartekna að meðaltali 17%, en dæmi eru um allt að 69% tekjufall.

Meðaltalstekjufall er svipað hjá söfnum í ríkiseigu² og í eigu sveitarfélaga en mest hjá söfnum sem eru sjálfseignarstofnanir.

Upphaflegar áætlanir um fjölda gesta hjá 43 söfnum gerðu ráð fyrir a.m.k. 1,5 milljónum gesta og að 72% þeirra væru erlendir. Niðurstöður könnunarinnar áætla að um 545 þúsund gestir hafi heimsótt söfnin frá janúar og fram í september og vísbendingar eru að 69% þeirra hafi verið innlendir gestir. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi gesta alls ársins verði 615 þúsund. Þetta er 60% fækkun gesta en ekki er hægt að sjá hver fjölgun innlendra gesta er mikil milli ára fyrr en í lok ársins. Það sem kemur á óvart er að vísbendingar eru um að innlendum gestum hafi ekki fjölgað að ráði frá fyrra ári yfir heildina. Vísbendingar eru um að fjölgun innlendra gesta hafi helst verið einhver á Norðurlandi og á Vestfjörðum. Þó eru einstaka söfn þar sem innlendum gestum fjölgaði ágætlega.

Starfshlutfall forstöðumanns lækkaði hjá 5 söfnum, starfshlutfall annars starfsfólks var lækkað hjá 6 söfnum. 3 söfn, öll sjálfseignarstofnanir, þurftu að segja upp starfsfólki. Mörg söfn hættu við að ráða sumarstarfsfólk eða réðu mun færri en í venjulegu árferði. Heildarársverkum fækkar úr 282 ársverkum árið 2019 í 276 ársverk árið 2020, sem er minna en við var búist³.

Launagjöld safnanna lækkuðu um 99,5 milljónir króna svo augljóst er að söfnin hafa náð að draga allverulega úr starfsmannakostnaði og þannig nýtt sparnað sem viðbragð við stöðunni. Dregið hefur úr launakostnaði um allt að 45%.

Eins og ljóst er, hafa söfnin reynt að bregðast við stöðunni með því að draga úr gjöldum safnanna en áætluð rekstrarniðurstaða verður þó neikvæð um 434 milljónir króna. Eingöngu 8 söfn eru með jákvæða rekstrarniðurstöðu en 26 með neikvæða. Stærstu söfnin eru með neikvæða rekstrarniðurstöðu sem hlaupa á tugum milljóna króna og þau 10 stærstu eru samtals með neikvæða rekstrarniðurstöðu upp á 405 milljónir króna.

Augljóst er að næstu ár verða þung í rekstri margra safna því ekki er hægt að gera ráð fyrir að ferðamennska á Íslandi muni rétta úr kútnum fyllilega fyrr en árið 2022. Þó er óvissan svo mikil að ekki er hægt að fullyrða neitt um hver þróunin verður. Áhætta er einnig falin í því að eigendur safna komi með mikla aðhaldskröfu á næstu árum sem viðbragð við minnkandi tekjum eigendanna (þá helst hjá sveitarfélögum). Söfn hafa ekki fengið heildstæð viðbrögð ríkisvaldsins við tekjufalli hjá sér, þau hafa hvorki getað nýtt sér úrræði fyrir rekstraraðila sem boðið hefur verið upp á né getað sótt í opinbera styrktarsjóði sem hafa fengið sér fjármagn vegna COVID-19⁴. Þetta er raunin þó svo að söfnum hafi verið gert að loka um tíma í vor og að mjög strangt samkomubann hafi gert söfnum nánast ókleift að halda opnu. Söfn eru einnig aðilar í ferðaþjónustu en ólíkt öðrum ferðaþjónustuaðilum hafa söfn ekki heldur getað nýtt sér þau úrræði sem þar voru í boði.

² Ríkisstofnanir eru höfuðsöfnin 3 og Listasafn Einars Jónssonar.

³ Ljóst er af tölfræðigögnum safna síðustu ár, að misbrestur er á skráningu sumarstarfsmanna inn í ársverk safnanna svo raunlækkun er einhver þó hún komi ekki fram hér.

⁴ COVID-19 styrkir safnasjóðs voru teknir af áður ákveðnu rekstrarfé sjóðsins.

Viðbrögð og tilkynningar safnaráðs til safna vegna hertra samkomutakmarkana

MARS Þann 20. mars komu fyrstu fréttir af hertum fjöldatakmörkunum á landinu. Þá stóðu söfn frammi fyrir því þurfa að tryggja hæfilega fjarlægð á milli einstaklinga í 100 manna samkomutakmörkunum. Aðeins tveimur dögum síðar er fréttin uppfærð, fjöldatakmörkanir eru færðar niður í 20 manna takmarkanir og þurftu söfn í kjölfarið að loka.

Í minnisblaði safnaráðs 20. mars er vakin athygli á hversu mikilvægt afl menning getur verið fyrir samfélagið á slíkum tímum og hvatt til samstöðu og stuðnings við samfélagið og hvert annað. Söfn eru jafnframt hvött til að finna aðrar miðlunarleiðir með skapandi hætti og halda viðburðadagskrá í lágmarki. Ljóst var að mörg verkefni, sem hlotið höfðu styrk úr safnasjóði, myndu af þessum sökum frestast og láta yrði safnaráð vita um slíkt svo hægt væri að halda utan um verkefnin.

Þann 23. mars útbjó safnaráð veggspjald til útskýringar fyrir söfnin vegna samkomubanns en öllum söfnum var gert að loka frá og með 24. mars. Veggspjaldið var aðgengilegt á heimasíðu safnaráðs og frétt var sett á heimasíðuna og Facebook.

APRÍL Í minnisblaði sem safnaráð sendi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þann 7. apríl um viðbrögð við COVID-19, eru nefndar tillögur um möguleg viðbrögð við faraldrinum. Þar kemur m.a. fram að safnaráð vilji bregðast við núverandi ástandi með því að hafa aukaúthlutun ársins fyrir en áætlað var og hvetja til sameiginlegs kynningarátaks safna. Einnig hvetur safnaráð til þess að ef veita á aukið fé til safnamála, sem hluta af viðbragðsáætlun ríkisstjórnarinnar til íþróttar- og menningarmála, þá yrði safnasjóður m.a. nýttur til að dreifa því fé. Í minnisblaðinu kemur jafnframt fram undirbúningur fyrir könnun á stöðu safna vegna COVID-19 væri í fullum gangi en áætlað var að senda hana út í lok apríl 2020.

Í bréfi framkvæmdastjóra safnaráðs til safnstjóra 30. apríl var greint frá fyrirhugaðri könnun safnaráðs. Einnig voru tilmæli til safna vegna fyrirhugaðra breytinga á samkomutakmörkunum, þau voru hvött til varkárni og gert ljóst að engin krafa væri gerð af hálfu safnaráðs á hendur safna um að hafa opið. Ef söfn ákveða að hafa opið þá þeim að gera viðeigandi ráðstafanir um sötthreinsun á snertiflötum og að gestir spritti hendur sínar. Auk þess var vakin athygli á aukaúthlutun sem yrði auglýst fyrir á árinu og greint frá lokunarstyrkjum stjórnvalda.

MAÍ Tilslökun á samkomubanni var svo tilkynnt á heimasíðu safnaráðs þann 4. maí. Í því fólst að söfn gátu opnað fyrir gesti sína á ný. Reglur um fjöldatakmörk voru 50 manns og tveggja metra nálægðarmörk og bar söfnum að virða þau skilyrði. Engin krafa var þó gerð af hálfu safnaráðs að opna heldur var þetta ákvörðun hvers safns fyrir sig.

Þann 12. maí auglýsir safnaráð og sendir út könnun um áhrif COVID-19 á söfn til viðurkenndra safna og ríkissafna.

Safnaráð auglýsti þann 27. maí að opnað hefði verið fyrir umsóknir í aukaúthlutun safnasjóðs, hálfu ári fyrir vegna áhrifa heimsfaraldursins.

JÚLÍ Þann 3. júlí greinir safnaráð frá því að 37 viðurkennd söfn hafi hlotið styrk í fyrri aukaúthlutun. Listi yfir styrkhafa var birtur á heimasíðu safnaráðs auk þess sem frétt birtist á heimasíðu stjórnarráðsins.

Í júlí var það orðið ljóst að söfnin fengju engan beinan stuðning frá stjórnvöldum í kjölfar COVID-19 og sá stuðningur sem átti að gagnast fyrirtækjum og öðrum aðilum í rekstrerferðleikum, s.s. lokunarstyrkir stjórnvalda, gátu viðurkennd söfn ekki nýtt sér. Auk þess hafði verið tekið fyrir að söfn gætu nýtt sér hlutabótaleið stjórnvalda, sem mörg söfn, sem eru sjálfseignarstofnanir, nýttu sér. Safnaráð ásamt höfuðsöfnum sendu í kjölfarið sameiginlegt minnisblað, þar sem dregnar voru fram þær hugmyndir og verkefni sem voru í gangi og viðbrögð við núverandi ástandi.

Þann 30. júlí voru auglýstar hertar aðgerðir á ný sem tóku gildi á hádegi 31. júlí. Regla um 100 manna samkomutakmarkanir og tveggja metra reglan voru teknar upp að nýju og áttu aðgerðirnar að standa yfir í tvær vikur eða út 13. ágúst. Safnaráð kynnti þessar aðgerðir stjórnvalda á bæði Facebook og heimasíðu safnaráðs.

SEPTEMBER 14. september greinir safnaráð á Facebook og heimasíðu sinni frá nýtkominni skýrslu um áhrif COVID-19 á safnastarf á Íslandi. Safnaráð hélt kynningu á skýrslunni á haustfundi höfuðsafna.



OKTÓBER 4. október vekur safnaráð enn einu sinni athygli á nýjum reglum sem tóku gildi 5. október. Hámarksfjöldi einstaklinga í sama rými urðu á ný 20 einstaklingar, hólfskipting var tekin upp sem og ýrustu sóttvarnarráðstafanir. Einnig var gerð krafa um að andlitsgrímur verði notaðar þar sem ekki er hægt að viðhalda nálægðarmörkum.

Nokkrum dögum seinna, eða 7. október, eru reglur hertar enn frekar á höfuðborgarsvæðinu og nálægðartakmörk verða tveir metrar. Hvatt er til fjarvinnu þar sem því varð viðkomið

en börn fædd árið 2005 og síðar töldust ekki með í hámarksfjölda.

19. október auglýsir safnaráð á heimasíðu sinni og Facebook áframhaldandi samkomutakmarkanir og tveggja metra reglu sem gildi nú um allt land. Aðgerðirnar áttu að taka gildi frá og með 20. október og standa til 3. nóvember.

Þann 30. október eru fjöldatakmarkanir hertar enn frekar og miðað við 10 manna fjöldatakmarkanir frá og með 31. október og börn fædd árið 2015 og síðar töldust ekki með í hámarksfjölda. Í reglugerð kom fram að söfnum og öðrum opinberum stöðum bæri að tryggja að farið væri eftir tíu manna fjöldatakmörkunum og bil milli ótengdra aðila væri yfir tvo metra. Safnaráð hvetur söfn ekki til að hafa opið né lokað, heldur hvetur söfn til að íhuga vel hvort þau hafi tök á því að hafa opið við þessar aðstæður.

DESEMBER Ný reglugerð tekur gildi 10. desember og gildir til 21. janúar 2021. Safnaráð auglýsir á heimasíðu sinni nýja reglugerð um sóttvarnarráðstafanir. Þær breytingar frá fyrri ráðstöfunum sem viðkoma söfnum eru þær, að þó að almennar fjöldatakmarkanir verði áfram miðaðar við 10 manns, eru börn fædd 2005 og síðar undanþegin þeirri tölu. Þarna er verið að miða við hvert sóttvarnarhólf.



IV. Safnasjóður 2020

Heildarúthlutun úr safnasjóði 2020 var sú mesta frá stofnun safnasjóðs en alls var úthlutað 234.833.950 kr. úr safnasjóði. Þrjár úthlutanir voru úr safnasjóði að þessu sinni, í stað tveggja eins og venja er.

Í aðalúthlutun safnasjóðs árið 2020 í mars voru veittar alls 177.243.000 kr. Veittir voru 111 styrkir til eins árs að heildarupphæð 139.543.000 kr. til 48 styrkþega.

Einnig voru veittir 13 *Öndvegisstyrkir* til viðurkenndra safna sem skiptast svo: Fyrir árið 2020 kr. 37.700.000, fyrir árið 2021 kr. 40.700.000 og fyrir árið 2021 kr. 32.000.000. Heildarupphæðin fyrir styrktímann er 110.400.000 kr. Úthlutanir fyrir árin 2021 og 2022 eru veittar með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs. Í fyrri aukaúthlutun safnasjóðs 2020 í júlí var veitt alls 40.124.000 kr. til 37 viðurkenndra safna til eflingar á faglegu starfi safnanna. Í seinni aukaúthlutun safnasjóðs 2020 í desember var veitt alls 17.466.950 kr. til 35 viðurkenndra safna.

Um safnasjóð

Hlutverk og tilgangur safnasjóðs er að efla starfsemi safna með styrkjum en mennta- og menningarmálaráðherra úthlutar styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs. Viðurkennd söfn geta sótt um styrki til skilgreindra verkefna, einnig getur safnasjóður styrkt aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær. Önnur söfn, safnvísar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn.

Við úthlutun úr safnasjóði er farið eftir safnalögum nr. 141/2011⁵, úthlutunarreglum safnasjóðs⁶ og einnig er fylgt verklagsreglum⁷ við mat á umsóknum úr safnasjóði. Ekki er sjálfkrafa gerð til laga um styrk til allra umsækjenda sem uppfylla skilyrði laga um viðurkennd söfn heldur munu upphæðir og fjöldi styrkja ráðast af ráðstöfunarfé sjóðsins, fjölda og gæðum umsókna.

Verklagi við úthlutun úr safnasjóði var breytt í lok ársins 2019 og tók gildi frá og með styrkveitingum 2020. Frá og með aðalúthlutun safnasjóðs 2020 varð sú breyting á að úthlutun úr sjóðnum er óskipt. Fallið var frá notkun hugtakanna „rekstrar- og verkefnastyrkir“ og þess í stað

⁵ Sjá: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>

⁶ Sjá: <https://safnarad.is/safnasjodur/uthlutunarreglur/>

⁷ Sjá: <https://safnarad.is/safnasjodur/verklagsreglur/>

eru veittir styrkir til eins árs úr safnasjóði í ákveðnum flokkum, þar sem einn flokkurinn fylgir reglum um rekstrarstyrki, aðrir flokkar fylgja reglum um verkefnastyрки. Ný styrktegund var einnig kynnt til sögunnar, *Öndvegisstyrkir* og eru þeir veittir til **2-3 ára**. Einungis viðurkennd söfn geta sótt um Öndvegisstyrki úr safnasjóði og eru meiri kröfur gerðar til umsókna um þá styrki.

Að jafnaði er úthlutað úr safnasjóði tvisvar sinnum á ári, **aðalúthlutun úr safnasjóð** sem er í upphafi árs og svo **aukaúthlutun safnasjóðs** í lok árs. Árið 2020 voru tvær aukaúthlutanir; sú fyrri sem var í júní 2020, var til að koma til móts við söfn vegna þeirra áhrifa sem COVID-19 hafði á starfsemi viðurkenndra safna.

Umsóknavefur safnasjóðs

Sótt er um alla styrki í gegnum [umsóknavef safnaráðs](#) auk þess sem skilaskýrslum um nýtingu styrkja er skilað þar. Vefsíða og eyðublöð safnaráðs eru í stöðugri þróun til að bæta aðgengi og öryggi. Vefurinn byggir á kerfinu *FocalForms* frá Origo, það hefur verið í notkun frá árinu 2016 og hefur reynst vel. Þetta er rafrænt umsóknakerfi og til að gæta fyllsta öryggis skrá umsækjendur sig inn í gegnum Ísland.is með rafrænum skilríkjum eða Íslykli. Þessi aðgangur uppfyllir öryggisskilmála og umsjón með honum er í höndum Þjóðskrár. Kerfið er einfalt og er sá möguleiki fyrir hendi að umsækjendur geti vistað umsóknir sínar og verið með fleiri en eina umsókn í vinnslu í einu auk þess sem umsækjendur geta fundið fyrri umsóknir sínar og skilaskýrslur. Það auðveldar umsækjendum yfirlestur umsókna og samræmingu. Fyrir safnaráð er ótvíræður kostur að geta nálgast allar umsóknir og skil safna á einum stað, auk þess sem hægt er að kalla fram excel-skjöl umsókna og skilaskýrslna sem auðveldar til muna alla eftirvinnu.

Mat umsókna

Í matsnefnd umsókna sitja aðalfulltrúar safnaráðs og ef aðalmaður er vanhæfur, þá varamenn. Árið 2020 mátu umsóknir þau Ólafur Kvaran, Anna Sigríður Kristjánsdóttir, Helga Lára Þorsteinsdóttir og Sigríður Björk Jónsdóttir, aðalmenn í safnaráði og Gunnþóra Halldórsdóttir, varamaður í safnaráði.

Þrír fundir voru haldnir vegna aðalúthlutunar fyrir úthlutunarfundinn en fyrir aukaúthlutanir var eingöngu fundað á úthlutunarfundi.

Aðalúthlutun úr safnasjóði 2020

Safnaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr aðalúthlutun safnasjóðs 2020

Umsóknarfrestur er til og með 10. desember 2019

Í aðalúthlutun safnasjóðs eru veittir styrkir til eins árs og til 2-3 ára.

Styrkir til eins árs

Viðurkennd söfn geta sótt um styrki til eins árs auk þess sem **önnur söfn, höfuðsöfn, safnvisar, setur og sýningar** geta sótt um styrk í safnasjóð í samstarfi við viðurkennd söfn, þar sem viðurkennda safnið er ábyrgðaraðili. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja **aðra starfsemi** til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær.

Styrkir til 2-3 ára, Öndvegisstyrkir

Öndvegisstyrkir eru nýr flokkur styrkja sem úthlutað er til 2-3 ára með fyrirvara um fjármögnun sjóðsins og hægt er að sækja um allt að 15 milljónir króna í heildarstyrk. **Einungis viðurkennd söfn** geta sótt um Öndvegisstyrki í safnasjóð.

Nánari upplýsingar má finna á vef safnaráðs, safnarad.is eða hjá framkvæmdastjóra safnaráðs, Þóru Björk Ólafsdóttur, thora@safnarad.is.

ATHUGIÐ:

- Sótt er um alla styrki í gegnum umsóknavef safnaráðs, <https://safnarad.eydublod.is/Forms>.
- Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur eru ekki teknar til greina.
- Safnaráð fer yfir allar umsóknir í safnasjóð og metur þær með faglegum hætti með hliðsjón af safnalögum nr. 141/2011, úthlutunarreglum safnasjóðs nr. 551/2016 og verklagsreglum safnaráðs.
- Ekki er sjálfkrafa gerð tillaga um styrk til allra umsækjenda sem eru styrkhæfir, heldur munu upphæðir og fjöldi styrkja ráðast af ráðstöfunarfé sjóðsins og fjölda og gæðum umsókna.

Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starf þeirra safna sem falla undir safnalög nr. 141/2011. Mennta- og menningarmálaráðherra úthlutar styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs.



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

Safnaráð - safnasjóður · Gimli · Lækjargötu 3 · 101 Reykjavík · Sími 534 2234 · safnarad@safnarad.is · www.safnarad.is

Umsóknarfrestur fyrir aðalúthlutun safnasjóðs 2020 var 10. desember 2019, auglýst var í dagblöðum (Morgunblaðinu og Fréttablaðinu) auk þess sem auglýsingar voru keyptar á samfélagsmiðlinum Facebook.

Einnig voru tilkynningar sendar á tölvupósthópa safnaráðs, á lista safnmanna og tilkynningar voru birtar á vefjum safnaráðs og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Hægt var að sækja um styrki til eins árs eða *Öndvegisstyrki*.

Mennta- og menningarmálaráðherra úthlutaði í aðalúthlutun safnasjóðs 2020 þann 20. mars 2020.

Yfirlit um styrki úr safnasjóði 2020 má finna í Viðauki – úthlutanir úr safnasjóði 2020.

Safnaráð hélt stafrænan kynningarfund um aðalúthlutunina í nóvember 2021 og var hann vel sóttur.

Styrkir til eins árs

Viðurkennd söfn geta sótt um [styrki til eins árs](#) auk þess sem önnur söfn, höfuðsöfn, safnvísar, setur og sýningar geta sótt um úthlutun úr safnasjóði í samstarfi við viðurkennd söfn, þar sem viðurkennda safnið er ábyrgðaraðili. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær. Verkefnastykir sem og rekstrarstyrkir eru hluti af styrkjum til eins árs.

Sótt er um einn aðalflokk styrks í styrkumsókn. Styrkflokkarnir eru níu talsins, við mat á umsóknum í öllum flokkum nema einum er fylgt eftir reglum um verkefnastyrki sem fram koma í safnalögum nr. 141/2011 og úthlutunarreglum safnasjóðs nr. 551/2016. Í einum flokki, *Efling grunnstarfsemi*, er farið eftir umsóknar- og úthlutunarreglum um rekstrarstyrki sem fram koma í safnalögum nr. 141/2011 og úthlutunareglum safnasjóðs nr. 551/2016.

Flokkarnir eru:

- a. Söfnun
- b. Skráning
 - i. Skráning – almenn
 - ii. Skráning – höfundarréttur
- c. Varðveisla
- d. Rannsóknir
- e. Miðlun
 - i. Miðlun – Sýning
 - ii. Miðlun – Útgáfa
 - iii. Miðlun – Stafræn miðlun
 - iv. Miðlun – Önnur
- f. Safnfræðsla
- g. Samstarf viðurkennds safns við safnvísa, setur, sýningar, höfuðsöfn og önnur söfn sem eru rekin af ríkinu
- h. Annað

177 umsóknir bárust um styrki til eins árs í aðalúthlutun 2020 að heildarupphæð 275.469.165 kr. en veittir voru 111 styrkir til eins árs að heildarupphæð 139.543.000 kr. til 48 styrkþega.

Öndvegisstyrkir

[Öndvegisstyrkir](#) eru nýr flokkur styrkja sem úthlutað er til 2-3 ára með fyrirvara um fjármögnun sjóðsins. Einungis viðurkennd söfn geta sótt um *Öndvegisstyrki* úr safnasjóði.

Hægt er að sækja um allt að 15 milljónir króna sem dreift er yfir styrktímann. Gerðar eru kröfur um greinargóðar og vel undirbúnar umsóknir og um framlag umsækjanda. Þá er krafa um staðfestingu á öðrum styrktaraðilum og í hverju aðkoma þeirra felst (t.d. fjárframlag, vinnuframlag og til hvaða hluta verkefnis styrkurinn rennur). Þá ber að geta safnasjóðs sem styrktaraðila. Styrkþegar og safnaráð gera samning sín á milli um styrkinn og skila styrkþegar áfangaskýrslu á ári hverju um framvindu styrksins.

Árið 2020 var fyrsta árið sem veittir voru *Öndvegisstyrkir* úr safnasjóði. Sótt var um 23 *Öndvegisstyrki* árið 2020 að heildarupphæð kr. 80.325.500 og fyrir allan styrktímann 2020 – 2022 kr. 237.712.100. Veittir voru 13 *Öndvegisstyrkir*⁸ til viðurkenndra safna sem skiptast svo: Fyrir árið 2020 kr. 37.700.000, fyrir árið 2021 kr. 40.700.000 og fyrir árið 2022 kr. 32.000.000. Heildarupphæðin fyrir styrktímann er 110.400.000 kr. Úthlutanir fyrir árin 2021 og 2022 eru veittar með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs.

⁸ Einn Öndvegisstyrkþegi fékk frestun á byrjum verkefnis til ársins 2021. Raunúthlutun *Öndvegisstyrkja* 2020 er því 32.700.000 kr.

Fyrri aukaúthlutun úr safnasjóði 2020

Safnaráð ákvað á 192. safnaráðsfundi í apríl 2020 að hafa aukaúthlutun safnasjóðs u.þ.b. hálfu ári fyrr en venjulega, enda væri brýn þörf hjá söfnum vegna COVID-19 faraldursins. Fyrri aukaúthlutun 2020 var með öðru sniði en venjulega. Eingöngu viðurkennd söfn gátu hlotið styrk en styrkur var veittur til eflingar á faglegu starfi safnanna og sú krafa gerð að nýta styrkuppþæðina á árinu 2020. Hvert viðurkennt safn gat sent inn eina umsókn og var hámarksupphæð hvernar umsóknar tvær milljónir kr. Umsóknafrestur var til 12. júní 2020.

Alls bárust 37 umsóknir að heildarupphæð 61.195.000 kr. Allar umsóknir hlutu styrk og úthlutaði mennta- og menningarmálaráðherra alls 40.124.000 kr.

Seinni aukaúthlutun úr safnasjóði 2020

Í seinni aukaúthlutun safnasjóðs árið 2020 gátu viðurkennd söfn sótt um styrki til símenntunar eða til stafræna kynningarmála. Umsóknafrestur var til 10. nóvember 2020. Mennta- og menningarmálaráðherra úthlutaði, að fenginni umsögn safnaráðs, 17.466.950 kr. í seinni aukaúthlutun safnasjóðs 2020. 58 styrkjum var úthlutað til 35 viðurkenndra safna, 30 styrkir fóru til stafræna kynningarmála safnanna og 28 styrkir fóru til símenntunarverkefna og námskeiðahalds.

Tvenns konar styrkir voru í boði í seinni aukaúthlutun 2020:

Styrkir til stafræna kynningarmála. Tilgangur með þessum styrkjum var að efla stafræna kynningu safnanna, hvort sem það er á samfélagsmiðlum eða á eigin heimasíðum. Lögð var áhersla á að styrkurinn efldi safnið sem viðkomustað fyrir gesti eða kynnti starfsemi safnsins. Hægt var að sækja um styrki t.d. til að framleiða efni til birtingar (e. content), til að kosta birtingu, til að fá utanaðkomandi þjónustu, til að efla kynningu á samfélagsmiðlum eða heimasíðum eða til kynningar á starfsemi safnsins svo fátt eitt sé nefnt. Hámarksstyrkur var 300.000 kr.

Styrkir til símenntunar. Tilgangur með þessum styrkjum var að styrkja faglegt starf safnanna og efla þátt símenntunar. Tvenns konar styrkir voru í boði, *Símenntun fyrir starfsmenn safns* annars vegar og *Námskeið/fyrirlesarar* hins vegar. Hámarksstyrkur var 300.000 kr. en 600.000 kr. til samstarfsverkefna safna vegna *Námskeið/fyrirlesarar*.



V. Viðurkenning safna

Skilmálar viðurkenningar safna

Mennta- og menningarmálaráðherra veitir safni viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Öll söfn utan höfuðsöfn þurfa að sækja um viðurkenningu, vilji þau falla undir ákvæði safnalaga nr. 141/2011. Skilyrði viðurkenningar safna eru eftirfarandi samkvæmt 10. gr. safnalaga:

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.
2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs.
3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningar-kerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
8. Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hlið-stæðrar hæfni á annan hátt.

Viðurkenning safna 2020



Í samræmi við 9. gr. safnalaga fá viðurkennd söfn að nota einkennismerki safnaráðs sem er byggt á merki ráðsins. Einar Gylfason hannaði merkið. Viðurkenndum söfnum er heimilt að nota merkið í kynningu á starfsemi sinni.

Skilmálar safnaráðs fyrir viðurkenningu safna samkvæmt 10. gr. safnalaga voru staðfestir árið 2013. Auglýst er árlega eftir umsóknum um viðurkenningu og var umsóknarfrestur 2018 til 31. ágúst 2020.

Á 195. safnaráðsfundi var samþykkt viðbót við umsóknarferli um viðurkenningu safns:

„Ef safn sem sækir um uppfyllir öll skilyrði viðurkenningar, þá getur komið til þess

- að safnaráð sendi aðila úr eftirlitsnefnd safnaráðs eða annan bærán aðila, til að taka út aðstöðu þess safns sem sækir um viðurkenningu. Heimsóknin myndi líta til sömu atriða og fram koma í eftirlitsskýrslum og matsskýrslum 2. hluta eftirlits safnaráðs með viðurkenndum söfnum.

- að safnaráð kalli til sérfræðing til að meta önnur gögn, sem reksturinn grundvallast á, s.s. teikningar húsnæðis, úttektir, aðgengi, leyfi eða til að taka út húsnæðið sjálft ef þörf krefur.“

Nýtt viðurkennt safn og sameining tveggja viðurkenndra safna í eitt



Um haustið 2020 sótti eitt safn, [Kvikmyndasafn Íslands](#), um viðurkenningu og tók safnaráð umsóknina fyrir á 197. og 198. fundum sínum í október og nóvember. Tillaga um að umsókn Kvikmyndasafns Íslands um viðurkenningu yrði samþykkt var send til mennta- og menningarmálaráðherra til lokaafgreiðslu.

Í upphafi ársins 2020 barst niðurstaða um umsókn eins safns frá árinu 2019 um viðurkenningu samkvæmt safnalögum en þeirri umsókn var hafnað.

Sæheimar var felld undir rekstur Sagnheima – Byggðasafns Vestmannaeyja frá 2020. Þar sem Sæheimar var viðurkennt safn og heyrir nú undir Sagnheima, sem einnig er viðurkennt, fellur viðurkenning Sæheima niður og gildir núverandi viðurkenning Sagnheima fyrir bæði söfnin. Nefnist safnið nú Sagnheimar – byggðasafn og náttúrugripasafn

Stofnskrár viðurkenndra safna

Samkvæmt safnalögum tekur safnaráð við stofnskrám til staðfestingar frá söfnum sem sækjast eftir viðurkenningu og eins ber viðurkenndum söfnum að senda stofnskrár sínar til samþykktar hjá ráðinu, verði gerðar á þeim breytingar. Safnaráð fer nú eftir nýjum gátlista við mat á umsóknum um viðurkenningu.

Samkvæmt safnalögum ber að birta staðfestar stofnskrár viðurkenndra safna í B-deild Stjórnartíðinda og hafa nokkrar stofnskrár verið endurbirtar að beiðni Stjórnartíðinda.

Níu stofnskrár voru sendar til birtingar í Stjórnartíðindum 2020, í öllum tilfellum var það vegna breytinga á samþykktum eða stofnskrám.

Listi yfir viðurkennd söfn 2020

Viðurkennt safn	Tegund	Landshluti
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Byggðasafn Árnesinga	Menningarminjasafn	Suðurland
Byggðasafn Borgarfjarðar	Blönduð starfsemi	Vesturland
Byggðasafn Dalamanna	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafn Garðskaga	Menningarminjasafn	Suðurnes
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Menningarminjasafn	Suðurnes
Byggðasafn Skagfirðinga	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafn Vestfjarða	Menningarminjasafn	Vestfirðir
Byggðasafnið Görðum, Akranesi	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafnið Hvoll	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafnið í Skógum	Menningarminjasafn	Suðurland
Flugsafn Íslands	Menningarminjasafn	Norðurland
Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Gljúfrasteinn – hús skáldsins	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Grasagarður Reykjavíkur	Náttúruminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Hafnarborg	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Heimilisiðnaðarsafnið	Menningarminjasafn	Norðurland
Hvalasafnið á Húsavík	Náttúruminjasafn	Norðurland
Hönnunarsafn Íslands	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Iðnaðarsafnið Akureyri	Menningarminjasafn	Norðurland
Kvikmyndasafn Íslands	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðis
Landbúnaðarsafn Íslands	Menningarminjasafn	Vesturland
Listasafn ASÍ	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn Árnesinga	Listasafn	Suðurland
Listasafn Háskóla Íslands	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn Reykjanesbæjar	Listasafn	Suðurnes
Listasafn Reykjavíkur	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafnið á Akureyri	Listasafn	Norðurland
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	Blönduð starfsemi	Suðurland
Menningarmiðstöð Pingeyinga	Blönduð starfsemi	Norðurland
Minjasafn Austurlands	Menningarminjasafn	Austurland
Minjasafn Egils Ólafssonar	Menningarminjasafn	Vestfirðir
Minjasafnið á Akureyri	Menningarminjasafn	Norðurland
Minjasafnið á Bustarfelli	Menningarminjasafn	Austurland

Viðurkennt safn	Tegund	Landshluti
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Náttúruminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Nýlistasafnið	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Safnasafnið	Listasafn	Norðurland
Sagnheimar - Byggðasafn og Náttúrugripasafn	Menningarminjasafn	Suðurland
Sauðfjársetur á Ströndum	Menningarminjasafn	Vestfirðir
Síldarminjasafn Íslands	Menningarminjasafn	Norðurland
Sjóminjasafn Austurlands	Menningarminjasafn	Austurland
Tækniminjasafn Austurlands	Menningarminjasafn	Austurland
Veiðisafnið	Náttúruminjasafn	Suðurland



VI. Eftirlitshlutverk safnaráðs

Eitt megin hlutverk safnaráðs samkvæmt safnalögum er að hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum sem starfa eftir skilmálum safnaráðs um starfsemi viðurkenndra safna.

Samkvæmt samþykkt safnaráðs er eftirlit þess með viðurkenndum söfnum þrípætt en einnig teljast skýrslur um nýtingu styrkja úr safnasjóði hluti af eftirliti safnaráðs. Eftirlit safnaráðs með viðurkenndum söfnum skiptist í:

1. Eftirlit með rekstri safns.
2. Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum.
3. Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum.

Á 189. safnaráðsfundi voru kynntar tillögur um viðbætur við umsóknarferli um viðurkenningu safna og staðfestingu safnaráðs vegna umsókna um stofnstyrki. Þessar viðbætur við umsóknarferli voru svo samþykktar á 195. safnaráðsfundi. Eftirfarandi klausu var bætt við mat á umsóknum um viðurkenningu safns:

„Ef safn, sem sækir um, uppfyllir öll skilyrði viðurkenningar, þá getur komið til þess að safnaráð sendi aðila úr eftirlitsnefnd safnaráðs, eða annan sambærilegan aðila, til að taka út aðstöðu þess safns sem sækir um viðurkenningu. Heimsóknin myndi líta til sömu atriða og fram koma í eftirlitsskýrslum og matsskýrslum 2. hluta eftirlits safnaráðs með viðurkenndum söfnum.“

1. hluti eftirlits - Eftirlit með rekstri safns

Eftirlit með rekstri safns er árlegt eftirlit sem er framfylgt með því að viðurkennd söfn skila *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna* til safnaráðs líkt og þeim ber skylda til samkvæmt safnalögum. Á árinu 2020 skiluðu söfnin skýrslu vegna rekstrarársins 2019 og var skilafrestur 3. nóvember 2020. Gögn, sem safnað er með þessum hætti, nýtast ráðinu bæði við eftirlit með starfi viðurkenndra safna og til að fá yfirsýn yfir safnastarf í landinu. Niðurstöðu úr þeim skýrslum má finna í viðauka B.

2. hluti eftirlits - Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum

Öðrum hluta eftirlitsins var ýtt úr vör á árinu 2016. Eftirlitið er framkvæmt af eftirlitsnefnd safnaráðs og er verkferlið nú þróað í samstarfi við hana.

Ferlið við þennan hluta eftirlitsins er með þeim hætti að viðurkennd söfn skila eftirlitseyðublöðum til safnaráðs um húsnæði safns og aðbúnað gripa, skilað er bæði gögnum fyrir sýningarhúsnæði sem og varðveisluhúsnæði. Í kjölfarið fá söfnin matsskýrslu eftirlitsnefndar með athugasemdum og tillögu að úrbótum.

Úrbótum er skipt í þrjá flokka eftir eðli og kostnaði. Safn fær 12 mánuði til að bregðast við úrbótum sem að mati eftirlitsaðila eru ekki kostnaðarsamar. Safn fær tvö eða fimm ár til að bregðast við úrbótum sem teljast viðameiri. Eftirlitinu lýkur svo með heimsókn eftirlitsaðila úr nefndinni og því getur þetta ferli tekið nokkur ár. Verkferlið við lokaheimsóknina var unnið árið 2020 og átti að hefjast það ár en vegna ástandsins frestuðust heimsóknir til 2021.

Ef safnaráð og eftirlitsnefndin telja að safnið hafi staðist eftirlitið, fær það tilkynningu þess efnis. Ef frekari úrbætur eru nauðsynlegar, eru næstu skref metin af safnaráði. Hægt er að lesa nánar um ferlið [hér](#). Nú hafa því 38 af 46 viðurkenndum söfnum farið í gegnum eftirlit safnaráðs, þar af fengu tvö þeirra matsskýrslur ráðsins árið 2019. Þau sex sem eftir standa, fá flest tilkynningu um heimsókn í byrjun árs 2021 ásamt sjö öðrum sem röðin er komin að. Fjögur söfn fá send eftirlitseyðublöð til að fylla út árið 2021.

Annar hluti eftirlitsins hefur nýst söfnum vel, til dæmis sem e.k. gátlisti um það sem viðurkennt safn þarf að uppfylla, sem verkfæri til að styðja við faglegt innra starf og einnig hafa viðurkennd söfn lagt matsskýrsluna fyrir eigendur og í kjölfarið fengið frekara fjármagn til nauðsynlegra breytinga eða úrbóta.

Í eftirlitsnefnd safnaráðs starfa menntaðir forverðir, árið 2020 voru eftirtaldir forverðir starfandi:

- Nathalie Jaqueminet
- Ingibjörg Áskelsdóttir
- Karen Þóra Sigurkarlsdóttir
- Kristín Gísladóttir
- Þórdís Baldursdóttir

3. hluti eftirlits - Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum

Eftirliti með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum skal framfylgt með úttekt sérfræðinga á staðnum og gögnum eftir þörfum.

Þriðji hluti eftirlitsins hófst árið 2020, með eftirfylgni og símati á þeim styrkjum sem fengust til skráningar úr safnasjóði 2020. Fyrst um sinn einskorðast eftirlitið við þá skráningarstyrki sem unnir eru í skráningargrunninn Sarp og gengið var til samninga við Rekstrarfélag Sarps um að sinna þessu eftirliti fyrir hönd safnaráðs. Safnaráð tekur þó lokaákvörðun um það hvort verkefni hafa staðist eftirlitið. Bæði starfsmenn Sarps og skráningarráð Sarps eru samstarfsaðilar safnaráðs vegna þriðja hluta eftirlits en einnig verður unnið að gerð gátlista/staðals um skráningu og þróun á verkferli við eftirlitið. Í eftirlitinu felst m.a. að skráningarumsóknir þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur til að teljast styrkhæfar. Því er óskað eftir auknum upplýsingum í umsóknum um styrki til skráningar. Með umsókn í safnasjóð vegna skráninga í Sarp, skuldbindur umsækjandi sig til að fylgja reglum sem gilda um skráningu í Sarp og setja sig í samband við við-eigandi þjónustuaðila áður en verkefnavinnan hefst.

Kröfur vegna skráningaumsókna má finna [á vef safnaráðs](#).

Ef styrkur fæst, fá styrkþegar sendar nánari upplýsingar um þau skilyrði sem skráningarstyrkir þurfa að uppfylla til að standast eftirlit safnaráðs með skráningu.

Eftirlit vegna skráninga sem þegar hafa verið unnar verður útfært nánar síðar.

Nýting styrkja úr safnasjóði

Styrkþegar úr safnasjóði þurfa að skila skýrslu til safnaráðs um nýtingu allra styrkja úr safnasjóði. Öllum skýrslum um nýtingu styrkja er skilað í gegnum umsóknavef safnaráðs¹⁰.

Skýrslunum skal skilað í síðasta lagi ári eftir að verkefni lýkur en mælt er til að styrkþegar skili skýrslum um leið og verkefni lýkur. Heimilt er að krefjast endurgreiðslu hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, einnig ef verkefnið hefur ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða ef lokaskýrslu hefur ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis. Ef styrkþegi þarf að óska eftir fresti á nýtingu verkefnastyrks úr safnasjóði, má finna eyðublað þar að lútandi á umsóknavef safnaráðs.

Á árinu tilkynnti safnaráð styrkþegum að hægt væri að óska eftir fresti á nýtingu styrkja ef verkefni frestast/falla niður vegna COVID-19. Eingöngu þurfti að óska eftir því með tölvupósti ásamt upplýsingum um fyrirhugaða nýtingu. Einnig var hægt að óska eftir breytingu á nýtingu styrks ef ný styrknýting samræmdist reglum um styrkinn. Þetta átti sérstaklega við styrki úr aukaúthlutun 2019. Einnig var almennur frestur á skilum á skýrslum lengdur í mörgum tilfellum, því verða ekki birtar tölulegar upplýsingar um skil á þeim skýrslum sem voru með skilafresti á árinu 2020.

Nýtingarskýrslur styrkja úr aðalúthlutun

Áfangaskýrsla: Styrkþegar verkefnastyrkja skila áfangaskýrslu til safnaráðs vegna styrkja sem eru 1.500.000 kr. eða hærri. Þeirri skýrslu skal skilað í síðasta lagi í byrjun næsta árs á eftir styrk-árinu.

Lokaskýrsla: Allir styrkþegar skila lokaskýrslu sem er með svipuðu sniði og fyrri nýtingarskýrsla verkefnastyrkja. Þetta gildi frá og með þeim verkefnastyrkjum sem veittir voru árið 2018. Greiðsla styrkja verður þó ekki áfangaskipt að sinni.

Nýtingarskýrslur styrkja úr aukaúthlutun

Símenntunarstyrkir eru veittir í lok hvers árs að jafnaði, til nýtingar út næsta ár. Styrkþegar skila skýrslu um nýtingu símenntunarstyrkja á fyrsta ársfjórðungi ársins þar á eftir.

Málefni einstakra safna

Tækniminjasafn Austurlands

Tækniminjasafns Íslands stórskemmdist í aurflóði laugardaginn 19. desember 2020 og stærsti hluti safnkostsins grófst undir aur. Safnaráð samþykkti þann 21. desember 2020 með öllum greiddum atkvæðum að verja allt að einni milljón króna í neyðaraðstoð vegna ástandsins. Sú aðstoð byggist á eftirlitshlutverki safnaráðs og því fé sem þar er bundið. Stór hluti eftirlitshlutverks safnaráðs er eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts og varðveislu gripa. Ráðið reiknar með því að féð verði nýtt í fyrstu viðbrögð á næstu vikum og í að koma sérfróðum aðilum á staðinn, borga fyrir gistingu og upphald, kostnað við vinnu þeirra og við búnað og tæki ef þörf þykir. Aðstoðin yrði skipulögð og unnin með eftirlitsnefnd safnaráðs og í samstarfi

⁹ Sjá: <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/efirlit-med-vidurkenndum-sofnum/efirlit-med-skraningu-gripa-og-adgengi-ad-safnkosti-og-syningum/>

¹⁰ Sjá: <https://safnarad.is/umsoknavefur/>

við Bláa skjöldinn og jafnvel fleiri aðila á borð við Almannavarnir, Þjóðminjasafnið og Minjastofnun ef svo ber undir.

Iðnaðarsafnið á Akureyri

Í bréfi frá Iðnaðarsafninu í nóvember 2020 kom m.a. fram að „...vegna rekstrarerfiðleika er áætlað að loka Iðnaðarsafninu tímabundið um næstu áramót. Safnstjóra verður sagt upp og eftirlit með safninu verður í höndum hollvina“. Safnið var óvíst um stöðu sína sem viðurkennt safn í því sambandi. Safnaráð samþykkti að Iðnaðarsafnið fengi svigrúm í eitt ár, á meðan skoðaðir eru framtíðarmöguleikar safnsins, gegn því að eftirlit með safninu verði í höndum Minjasafnsins á Akureyri auk hollvina.

Gerðarsafn

Málefni Gerðarsafns voru rædd vegna afsagnar safnstjóra safnsins. Safnaráð sendi eiganda safnsins, Kópavogsbæ, fyrirspurn og fundaði með bæjarstjóra og bæjarritara í kjölfarið.

A. Viðauki – úthlutanir úr safnasjóði 2020

i. Listi yfir úthlutanir úr safnasjóði 2020

Styrkþegi - Nafn verkefnis	Úthlutun	Tegund verk- efnis (ef á við)	Heildarstyrk- upphæð - Upphæð styrks
Bergsveinn Þórsson			2.450.000
Miðlun, fræðsla og aðgerðir í loftslagsmálum: Handbók fyrir söfn, setur og sýningar	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	h. Annað	2.450.000
Borgarsögusafn Reykjavíkur			9.700.000
Hansenshús – leikur að fortíð	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	900.000
Sýning á verkum Karólínu Guðmundsdóttur vefara	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	3.000.000
Lykilverk úr safneign - Ljósmyndasafn Reykjavíkur í 40 ár	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - útgáfa	1.500.000
Áhrif loftgæða á endingu safngripa í umhverfi Árbæjarsafns	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	d. Rannsóknir	900.000
Tökum höndum saman – samstarf Borgarsögusafns og Listasafns Reykjavíkur í þeim tilgangi að ná til ólíkra hópa í samfélaginu.	Aðalúthlutun - Öndvegis- styrkur 20-22 (2020)		1.200.000
HeimSókn – Sóknaráætlun Borgarsögusafns í eflingu viðburða í kjölfar heimssóttarinnar COVID19	Fyrri aukaúthlutun		1.000.000
Kynningarmyndband safnfræðslu Borgarsögusafns Reykjavíkur.	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Kynningu á aðferðum <i>design thinking</i> fyrir starfsmenn Borgarsögusafns	Seinni aukaúthlutun	c) Námskeið/fyrir- lesarar - Söfn sækja ein um	300.000
Fyrstu viðbrögð við vá – námskeið fyrir starfsfólk	Seinni aukaúthlutun	d) Námskeið/fyrir- lesarar - Samstarfs- verkefni viður- kenndra safna	600.000
Byggðasafn Árnesinga			7.300.000
Efling grunnstarfsemi Byggðasafns Árnesinga	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	i. Efling grunn- starfsemi	1.600.000
Skönnun skráðra ljósmynda fyrir Sarp	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almenn	800.000
Heimskonan, Húsið og íslenski hesturinn - sumarsýning 2020	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	1.000.000
Innra starf Byggðasafns Árnesinga flutt úr Hafnarbrú 3 í Búðarstíg 22	Aðalúthlutun - Öndvegis- styrkur 20-22 (2020)		2.000.000
Efling safnfræðslu haustið 2020	Fyrri aukaúthlutun		1.500.000
Farskóli safnamanna 2021	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	100.000

Styrkþegi - Nafn verkefnis	Úthlutun	Tegund verk- efnis (ef á við)	Heildarstyrk- upphæð - Upphæð styrks
Efling stafrænnar kynningar Byggðasafns Árnesinga	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Byggðasafn Borgarfjarðar			2.900.000
Hlúð að eldri safnkosti og miðlun hans	Aðalúthlutun - Öndvegis- styrkur 20-22 (2020)		2.000.000
Sýningin 353 andlit	Fyrri aukaúthlutun		600.000
Stafræn kynningarmál	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Byggðasafn Dalamanna			3.300.000
Pökkun safnkosti og flutningur	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	c. Varðveisla	2.500.000
Stafræn miðlun á sýningum	Fyrri aukaúthlutun		500.000
Sænsku Dalirnir	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	300.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar			3.620.000
Ljósmyndasýningin „Hernám Hafnarfjarðar“ (vinnuheiti)	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	600.000
Þemasýningin	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	1.500.000
Sumaráttak í skráningu fornleifa	Fyrri aukaúthlutun		1.000.000
Stafræn kynning	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Börn og söfn í Leipzig	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	220.000
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna			3.573.600
Skráning í Sarp	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almenn	3.000.000
Kvöldstundir í baðstofunni í Syðsta-Hvammi	Fyrri aukaúthlutun		500.000
Varðveisla málverka	Seinni aukaúthlutun	c) Námskeið/fyrir- lesarar - Söfn sækja ein um	73.600
Byggðasafn Reykjanesbæjar			5.600.000
Yfirtaka og stækkun á sýningu Slökkviminjasafns	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	1.800.000
Söfnun Varnarliðsminja og undirbúningur sýningar um sögu Varnarliðsins	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	a. Söfnun	2.500.000
Uppbygging á ljósmyndavef Byggðasafnsins	Fyrri aukaúthlutun		1.000.000
Þáttaröð um sýningagerð BYR 2021	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar og sýning Hollvínasamtaka Reykja- nesvita og nágrennis			1.000.000
Vita- og sjóslýsasýning á Reykjanesi	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	g. Samstarf viður- kennds safns við aðra safnastarfsemi	1.000.000
Byggðasafn Skagfirðinga			6.200.000
Safn og samfélag	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	h. Annað	1.800.000
Samstarf safna á Norðurlandi vestra	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	g. Samstarf viður- kennds safns við aðra safnastarfsemi	800.000
Heildaryfirsýn yfir safnkost	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almenn	1.500.000
Fyrirbyggjandi forvarsla og áætlanagerð vegna sýninga í Glaumbæ	Fyrri aukaúthlutun		1.500.000
Sérsmiðað námskeið í stafrænni miðlun	Seinni aukaúthlutun	d) Námskeið/fyrir- lesarar - Samstarfs- verkefni viður- kenndra safna	600.000

Styrkþegi - Nafn verkefnis	Úthlutun	Tegund verk- efnis (ef á við)	Heildarstyrk- upphæð - Upphæð styrks
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla - Norska húsið			6.760.000
Skotthúfan 2020	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - önnur	700.000
Landfestar við Silfurgarð / Áttundi áratugurinn í Flatey	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	500.000
Viðbrögð við eftirliti safnaráðs	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	i. Efling grunn- starfsemi	660.000
Skráning safnmuna	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almennt	1.400.000
Ný grunnsýning Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla	Aðalúthlutun - Öndvegis- styrkur 20-22 (2020)		2.000.000
Átaksverkefni í skráningu á opinni safngeymslu	Fyrri aukaúthlutun		1.200.000
Stafræn uppsetning á sýningunni Heldra Heimili í Stykkishólmi	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Byggðasafn Vestfjarða			5.351.350
Ráðgjöf vegna eftirlits safnaráðs og framtíðaruppbyggingu	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	i. Efling grunn- starfsemi	900.000
Lífið í sjávarþorpi - verkefnabók	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - útgáfa	625.000
Snjáfjallasetur - skráning gripa	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	g. Samstarf viður- kennds safns við aðra safnastarfsemi	900.000
Steinshús - skráning gripa	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	g. Samstarf viður- kennds safns við aðra safnastarfsemi	900.000
Gripir í Turnhúsi - skráning, varðveisla og fræðsla	Fyrri aukaúthlutun		1.200.000
Safnaheimsókn	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	286.350
Stafræn kynning á safninu	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Forvarsla á pappír	Seinni aukaúthlutun	c) Námskeið/fyrir- lesarar - Söfn sækja ein um	240.000
Byggðasafnið í Görðum, Akranesi			5.400.000
Skipulögð safnfræðsla	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	f. Safnfræðsla	2.300.000
Bætt varðveisla	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	c. Varðveisla	1.300.000
Skráning safngripa í Sarp	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almennt	1.500.000
Hér erum við - BiG	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Byggðasafnið í Skógum			7.450.000
Fyrirbyggjandi forvarsla í Skógasafni 2020	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	c. Varðveisla	1.000.000
Forvarsla textíla	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	c. Varðveisla	1.000.000
Safnkostur í geymslum Skógasafns. Skráning og varðveisla.	Aðalúthlutun - Öndvegis- styrkur 20-22 (2020)		4.000.000
Rannsókn og miðlun handverks í Skógasafni	Fyrri aukaúthlutun		1.200.000
Markaðssetning á samfélagsmiðlum	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	250.000
FÍSOS - Félag íslenskra safna og safnmanna			4.000.000
Farskóli FÍSOS 2020 - Vestmannaeyjar	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	h. Annað	1.800.000
Námskeið fyrir safnafólk á Norðurlandi: Varðveislu safngripa á sýningum með áherslu á uppsetningu þeirra fyrir safnafólk.	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	h. Annað	500.000
Alþjóðlegi safnadagurinn 18. maí 2020	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	h. Annað	1.000.000
Safnablaðið Kvistur	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - útgáfa	700.000

Styrkþegi - Nafn verkefnis	Úthlutun	Tegund verk- efnis (ef á við)	Heildarstyrk- upphæð - Upphæð styrks
Flugsafn Íslands			4.100.000
Flugsafnið kynnt á fjölbreyttan hátt	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	h. Annað	600.000
Skráning og varðveisla safnkosts	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almenn	2.000.000
Flogið út úr kófinu - rannsókn á áhrifum COVID-19 á íslenskan flugrekstur árið 2020	Fyrri aukaúthlutun		1.500.000
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs			7.300.000
Rekstrarstyrkur	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	i. Efling grunn- starfsemi	1.500.000
Skráð fyrir opnum dyrum	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almenn	1.800.000
Fræðslustarf í Gerðarsafni - unnið í samræmi við Barnasáttmála og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.	Aðalúthlutun - Öndvegis- styrkur 20-22 (2020)		3.000.000
Sjónræn miðlun safneignar	Fyrri aukaúthlutun		1.000.000
Gljúfrasteinn			2.600.000
Forvörsluáætlun og ítarskráning sýningagripa á Gljúfrasteini	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	c. Varðveisla	1.300.000
Skráning og forvörsluáætlun safnkosts í geymslum og ljósmyndun muna.	Fyrri aukaúthlutun		1.000.000
Starfsdagar á safninu	Seinni aukaúthlutun	c) Námskeið/fyrir- lesarar - Söfn sækja ein um	300.000
Grasagarður Reykjavíkur			3.750.000
Græni bakpokinn fyrir grunnskóla - Námsfni aðgengilegt kennurum og nemendum sem heimsækja Grasagarð Reykjavíkur	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	f. Safnfræðsla	250.000
Stefnumótun fyrir Grasagarð Reykjavíkur 2021-2025	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	i. Efling grunn- starfsemi	1.800.000
Fuglaárið	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	f. Safnfræðsla	500.000
QR-kóðun valinna safngripa í Grasagarði Reykjavíkur	Fyrri aukaúthlutun		1.200.000
Hafnarborg			8.500.000
Hafnarborg og heilsubærinn	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	h. Annað	1.500.000
Ljósmyndir á ytri vef - samningur við Myndstef	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - höf- undaréttur	800.000
Samstarf um safnfræðslu - stefnumótun og innleiðing	Aðalúthlutun - Öndvegis- styrkur 20-22 (2020)		4.000.000
Fyrirbyggjandi forvarsla 2. skref í flutningum	Fyrri aukaúthlutun		1.000.000
Námsferð til Akureyrar og nágrennis	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	300.000
Símenntun - vefur og samfélagsmiðlar	Seinni aukaúthlutun	d) Námskeið/fyrir- lesarar - Samstarfs- verkefni viður- kenndra safna	600.000
Streymi og kynning	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Heimilisiðnaðarsafnið			4.500.000
Skráning - myndskráning	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almenn	900.000
Íslenska lopapeysan - vefsýning	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - stafræn miðlun	500.000
Styrkjandi forvarsla	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	h. Annað	600.000
Sumarsýning Heimilisiðnaðarsafnsins (sérsýning)	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	400.000
Efling grunnstoða	Fyrri aukaúthlutun		1.500.000

Styrkþegi - Nafn verkefnis	Úthlutun	Tegund verk- efnis (ef á við)	Heildarstyrk- upphæð - Upphæð styrks
Að koma ull í fat - ensk og þýsk útgáfa	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Þvottar og þrif í Torfbæjum og Saga af sulli	Seinni aukaúthlutun	c) Námskeið/fyrir- lesarar - Söfn sækja ein um	300.000
Hvalasafnið á Húsavík			6.540.000
Cetacean Expectations: poetry and art from whales to tales - listasýning 2020	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	630.000
Ferðalag hvalsins - handrit, tal og hljóðsetning	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	f. Safnfræðsla	310.000
Heildræn sýningarhönnun til framtíðar	Aðalúthlutun - Öndvegis- styrkur 20-22 (2020)		5.000.000
Markaðsetning á netinu	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	300.000
Stafræn hvalaráðstefna	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Hönnunarsafn Íslands			4.450.000
Geymslur eru geggjaðar	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	1.750.000
Forvarsla textíla á Hönnunarsafni Íslands	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	c. Varðveisla	1.100.000
Safnfræðsla í Hönnunarsafni Íslands	Fyrri aukaúthlutun		1.000.000
Heima er best	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Markþjálfun í teymisvinnu	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	300.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri			1.164.000
Skráning í Sarp	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almenn	700.000
Iðnaðarsafnið - faglegra safn	Fyrri aukaúthlutun		164.000
Rafræn miðlun á tímum COVID-19	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Íslandsdeild ICOM			2.000.000
Íslensku safnaverðlaunin og Alþjóðlegi safnadagurinn	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	h. Annað	2.000.000
Landbúnaðarsafn Íslands			2.150.000
Náttúrutúlkun í Gestastofu fyrir friðland fugla í Andakíl	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	f. Safnfræðsla	750.000
Skráning muna Landbúnaðarsafns Íslands	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almenn	1.400.000
Listasafn ASÍ			3.950.000
UPPHAF ALDAUÐANS - myndlistarsýning og vinnustofa barna í tengslum við útgáfu bókarrinnar FUGLINN SEM GAT EKKI FLOGIÐ	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	400.000
Skráning, forvarsla og varðveisla myndverka Samúels Jóns- sonar í Selárdal	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	c. Varðveisla	700.000
Einkasýning Bjarka Bragasonar á Höfn í Hornafirði (Þrjú þús- und og níu ár)	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	1.300.000
Fátt er svo með öllu illt - miðlun myndlistar á undraverðum tímum	Fyrri aukaúthlutun		1.000.000
Heimildir um allar sýningar safnsins á heimasíðu	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Meðhöndlun og varðveisla	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	250.000
Listasafn Árnesinga			7.000.000
NORÐRIÐ / NORTH	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	3.500.000

Styrkþegi - Nafn verkefnis	Úthlutun	Tegund verk- efnis (ef á við)	Heildarstyrk- upphæð - Upphæð styrks
Einkasafn Skúla Gunnlaugssonar (vinnuheiti)	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	2.000.000
Safneign Listasafns Árnesinga. Hvaðan kemur hún? Skráning og rannsókn.	Fyrri aukaúthlutun		1.200.000
Útgáfur safnsins fyrir alla	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf-rænna kynningar-mála	300.000
Listasafn Háskóla Íslands			3.150.000
Forvarsla viðgerð listaverka	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	c. Varðveisla	1.700.000
Skráning og heimasíða	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almenn	1.450.000
Listasafn Reykjanesbæjar			4.545.000
Sýning sem hverfist um tölur & stærðir	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - stafræn miðlun	1.750.000
Listahátíð barna í Reykjanesbæ	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	1.000.000
Um ósýnileika Bjargar Þorsteinsdóttur og Daða Guðbjörns-sonar	Fyrri aukaúthlutun		1.200.000
Samtal við listheiminn	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf-rænna kynningar-mála	300.000
Þekkingarmiðlun, símenntun	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	295.000
Listasafn Reykjavíkur			11.000.000
Kjarval erlendis	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	800.000
Sigurður Árni - yfirlitssýning	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	1.200.000
Hulda Rós - Keep Frozen	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	800.000
Ásgerður Búadóttir - sýning	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	1.300.000
Sun & Sea (Marina)	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	2.500.000
Gilbert og George	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	2.500.000
Efling þjónustu við innlenda gesti með áherslu á miðlun og móttöku	Fyrri aukaúthlutun		1.000.000
Vefleiðsagnir með sýningum	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf-rænna kynningar-mála	300.000
Umgengni um varðveislustaði og meðhöndlun menningar-verðmæta	Seinni aukaúthlutun	c) Námskeið/fyrir-lesarar - Söfn sækja ein um	300.000
Þátttaka í farskóla FÍSOS 2021	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	300.000
Listasafnið á Akureyri			7.900.000
Þorvaldur Þorsteinsson yfirlitssýning	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	2.200.000
Þrjár einkasýningar: Brynja Baldursdóttir - Heimir Björgúlfsson - Jóna Hlíf Halldórsdóttir	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	2.400.000
Sköpun bernskunnar, sýningar og hagnýtt safnfræðsluverkefni	Aðalúthlutun - Öndvegis-styrkur 20-22 (2020)		1.500.000
Umsjón með upplýsingaöflun vegna skráninga	Fyrri aukaúthlutun		1.200.000
Stafræn styrking	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf-rænna kynningar-mála	300.000
Menning á meginlandinu	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	300.000
Menningarmiðstöð Hornafjarðar			2.000.000
Endurbætur á listaverkageymslum og ástandsskoðun á hluta safneignar	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	i. Efling grunn-starfsemi	1.700.000
Skólagjöld & Starfsmannaskipti	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	300.000

Styrkþegi - Nafn verkefnis	Úthlutun	Tegund verk- efnis (ef á við)	Heildarstyrk- upphæð - Upphæð styrks
Menningarmiðstöð Þingeyinga			1.500.000
Skráning, frágangur, endurskipulagning og forvarsla muna í geymslu Safnahússins.	Fyrri aukaúthlutun		1.500.000
Minjasafn Austurlands			3.180.000
Bættur aðbúnaður starfsfólks og safngripa	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	i. Efling grunn- starfsemi	800.000
Valþjófsstaðahurðin - sköpun í fortíð og nútíð	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	f. Safnfræðsla	270.000
Sumarhús Kjarvals - undirbúningur forvörslu	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	c. Varðveisla	200.000
Leikir barna - skráning	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almenn	250.000
Söfnun samtímaheimilda og endurskoðun sýningardagskrár og miðlunar	Fyrri aukaúthlutun		1.360.000
Stafrænn gluggi að Minjasafni Austurlands	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Minjasafn Egils Ólafssonar			4.150.000
Sumarsýning 2020	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	150.000
Bjargið, landið, vikurnar og verin	Aðalúthlutun - Öndvegis- styrkur 20-22 (2020)		2.500.000
Skráning, skipulag og grisjun	Fyrri aukaúthlutun		1.200.000
www.hnjotur.is	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Minjasafnið á Akureyri			10.900.000
Ég heiti Jón en kallaðu mig Nonna - sýning	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	2.700.000
Líf og leikir barna - safnfræðsla í Leikfangahúsinu á Akureyri	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	f. Safnfræðsla	850.000
Land fyrir stafni - útgáfa	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - útgáfa	1.700.000
Skráning Smámunasafnsins - samstarfsverkefni	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	g. Samstarf viður- kennds safns við aðra safnastarfsemi	750.000
Hvernig borðar maður fíl? Skráning gripa og ljósmynda í Sarp	Aðalúthlutun - Öndvegis- styrkur 20-22 (2020)		3.000.000
Breyting á grunnsýningu	Fyrri aukaúthlutun		1.000.000
Safnið í mynd	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	300.000
Sérfræðingar að sunnan	Seinni aukaúthlutun	c) Námskeið/fyrir- lesarar - Söfn sækja ein um	300.000
Stafræn miðlun	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Minjasafnið á Bustarfelli			1.500.000
„Sumarið sem ég var í vegavinnunni“	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	250.000
Varðveisla menningararfða - Bustarfelldagurinn	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	600.000
„Járnið skaltu hamra heitt!“	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	250.000
Skráning gripa í Sarp	Fyrri aukaúthlutun		400.000
Náttúrufræðistofa Kópavogs			4.800.000
Vistfræði vatns og sjávar	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	3.500.000
Upplýsingakerfi í grunnsýningum Náttúrufræðistofu Kópavogs	Fyrri aukaúthlutun		1.000.000
Miðlun á heimasíðu natkop.is	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000

Styrkþegi - Nafn verkefnis	Úthlutun	Tegund verk- efnis (ef á við)	Heildarstyrk- upphæð - Upphæð styrks
NKF – ÍS Félag norrænna forvarða - Ísland			698.000
Endurmenntunarnámskeið fyrir sérfræðinga á sviði varðveislu menningararfs - tækniminjar 2020	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	c. Varðveisla	698.000
Nýlistasafnið			7.200.000
Forvarsla á verkum kvenna í safneign Nýlistasafnsins. 1. hluti	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	c. Varðveisla	1.400.000
Einkasýning Katie Paterson í Nýlistasafninu	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	2.000.000
Nýlóbörnin- prentun fræðslubæklinga fyrir börn	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	f. Safnfræðsla	650.000
Ný og bætt heimasíða fyrir Nýlistasafnið	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - stafræn miðlun	1.850.000
Horfnu verkin í safneign Nýlistasafnsins – fyrsti áfangi	Fyrri aukaúthlutun		1.000.000
Stafrænt Nýlób	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til stafrænna kynningar-mála	300.000
Rekstrarfélag Sarps			1.350.000
Birting myndverka í höfundarrétti á sarpur.is - samstarfsverkefni Rekstrarfélags Sarps og aðildarsafna Sarps.	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - höfundaréttur	1.350.000
Safnasafnið			4.000.000
Efling grunnstarfsemi - forvarnir	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	i. Efling grunnstarfsemi	800.000
Stafræn skráning IV, 2020	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almenn	800.000
Sölvi Helgason, útgáfa bókar 2020	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - útgáfa	1.100.000
12 sýningar	Fyrri aukaúthlutun		1.000.000
Kynning á heimasíðu og Youtube	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til stafrænna kynningar-mála	300.000
Sagnheimar			6.200.000
Bærinn minn	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	c. Varðveisla	1.200.000
Lagfæringar í munageymslu	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	i. Efling grunnstarfsemi	800.000
Munavernd (náttúrugripasafn)	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	c. Varðveisla	1.000.000
Skráningar (náttúrugripasafn)	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - stafræn miðlun	900.000
Þjóðhátíð í 150 ár	Fyrri aukaúthlutun		1.500.000
Horfinn Heimur	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til stafrænna kynningar-mála	300.000
Geymsla og meðferð á stafrænu efni	Seinni aukaúthlutun	c) Námskeið/fyrirlesarar - Söfn sækja ein um	300.000
Varðveisla málverka	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	200.000
Sauðfjársetur á Ströndum			7.750.000
Álagablettir - síðari áfangi	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	d. Rannsóknir	1.250.000
Útisýning við Sævang	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	800.000
Umbætur eftir úttekt Safnaráðs	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	i. Efling grunnstarfsemi	1.100.000
Menningararfur í ljósmyndum	Aðalúthlutun - Öndvegisstyrkur 20-22 (2020)		2.500.000
Strandir 1918 - lokaáfangi	Fyrri aukaúthlutun		1.500.000
Hlaðvarp Sauðfjársetursins - Sveitasíminn	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til stafrænna kynningar-mála	300.000

Styrkþegi - Nafn verkefnis	Úthlutun	Tegund verk- efnis (ef á við)	Heildarstyrk- upphæð - Upphæð styrks
Stefnumót við safnafólk: Vestfirðir og Vesturland	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	300.000
Síldarminjasafn Íslands			11.800.000
Barnamenning - safn sem kennsluvettvangur	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	f. Safnfræðsla	2.000.000
Sýning: Líffræði síldarinnar og þróun síldveiða 1970-2020	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	1.000.000
Stafræn miðlun á safnkosti: Ljósmyndasafn Síldarminjasafnsins	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - stafræn miðlun	2.000.000
Salthúsið: Ný grunnsýning og varðveisla safnkosts til framtíðar	Aðalúthlutun - Öndvegis- styrkur 20-22 (2020)		5.000.000
Skráningaráttak: Grunnsýning Róaldsbrakka	Fyrri aukaúthlutun		1.500.000
Samfélagsmiðlar og fagleg störf	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Sjóminjasafn Austurlands			1.700.000
Ljósmyndun- og skráning safnmuna í sýningarhúsnæði safnsins „Gömlubúð“ í Sarp.	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almenn	1.700.000
Tækniminjasafn Austurlands			3.652.000
Sýning: Seyðisfjörður, minnsta borg í heimi.	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	e. Miðlun - sýning	1.600.000
Recording the immaterial culture: Voices of Seyðisfjörður	Fyrri aukaúthlutun		1.500.000
FISOS faskóli	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	252.000
Creation of photo and video material to update and reinforce the museums online image	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Veiðisafnið			1.850.000
Skráning og merking safnmuna í geymslu ásamt endurpökkun	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	b. Skráning - almenn	750.000
Hefur þú séð gíraffa í dag - Kynningarátak Veiðisafnsins, prentaður bæklingur og póstkort, uppfærsla heimasíðu	Fyrri aukaúthlutun		500.000
Veiðisafnið - Safnaheimsókn 2021 - Náttúrugripasöfn á Íslandi	Seinni aukaúthlutun	b) Símenntun fyrir starfsmenn safns	300.000
Veiðisafnið - Stafræn kynning hjá vefmiðlum á Suðurlandi	Seinni aukaúthlutun	a) Styrkur til staf- rænna kynningar- mála	300.000
Þórdís Anna Baldursdóttir			1.400.000
Fyrirbyggjandi forvarsla textíilverka	Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	c. Varðveisla	1.400.000
Heildarfjöldi styrkja	196	Samtals úthlutun	234.833.950

ii. Greining á úthlutun úr safnasjóði 2020

Árið 2020 úthlutaði mennta- og menningarmálaráðherra að fenginni umsögn safnaráðs 234.833.950 kr. úr safnasjóði og er þetta langhæsta úthlutun úr safnasjóði frá upphafi. Það skýrist af rúmlega 100 milljóna króna hækkun í safnasjóð á milli árána 2019 og 2020.

Í **aðalúthlutun safnasjóðs 2020** í mars voru veittar alls 177.243.000 kr.

Veittir voru 111 styrkir til eins árs að heildarupphæð 139.543.000 kr. til 48 styrkþega.

Einnig voru veittir 13 *Öndvegisstyrkir* til viðurkenndra safna sem skiptast svo: Fyrir árið 2020 kr. 37.700.000¹¹, fyrir árið 2021 kr. 40.700.000 og fyrir árið 2022 kr. 32.000.000. Heildarupphæðin fyrir styrktímann er 110.400.000 kr. Úthlutanir fyrir árin 2021 og 2022 eru veittar með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs.

177 umsóknir bárust um styrki til eins árs að heildarupphæð 275.469.165 kr. og 23 Öndvegis-umsóknir bárust að heildarupphæð kr. 80.325.500 fyrir árið 2020 og fyrir allan styrktímann 2020 – 2022 kr. 237.712.100.

Í **fyrri aukaúthlutun safnasjóðs 2020** í júlí voru veittar alls 40.124.000 kr. til 37 viðurkenndra safna til eflingar á faglegu starfi safnanna.

Í **seinni aukaúthlutun safnasjóðs 2020** í desember voru veittar alls 17.466.950 kr. til 35 viðurkenndra safna.

Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins, leggur safnaráð faglegt mat á gæði verkefna og metur styrkhæfi umsókna með tilliti til verkefna og gildis þeirra fyrir safnastarf almennt. Safnaráð gerir tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um upphæð styrkja. Ekki er sjálfkrafa úthlutað til allra verkefna sem standast lágmarksviðmið safnaráðs heldur ráðast upphæðir og fjöldi styrkja af fjölda og gæðum umsókna. Af þessu leiðir að sumir umsækjendur fá ekki styrk úr sjóðnum.

Skipting eftir úthlutunum

Bróðurparti úthlutaðs fjár var útdeilt í aðalúthlutun eða 75% af heildarúthlutun ársins.

Úthlutun	Fjöldi styrkja	Heildarstyrkupp-hæð	Styrkupp-hæð hlutfall
Aðalúthlutun - Eins árs styrkur	111	139.543.000	59%
Aðalúthlutun - Öndvegisstyrkur 20-22 (2020)	13	37.700.000	16%
Fyrri aukaúthlutun	37	40.124.000	17%
Seinni aukaúthlutun	58	17.466.950	7%
	219	234.833.950	

¹¹ Einn styrkþegi fékk frest á Öndvegisstyrk til ársins 2021, svo heildarúthlutun 2020 er 32,7 milljónir króna.

Skipting eftir tegund safns

Viðurkennd söfn, sem njóta styrkja úr safnasjóði, má flokka sem menningarminjasöfn (ýmist almenn byggðasöfn eða sérsöfn af einhverju tagi), listasöfn, náttúruminjasöfn og söfn með blandaða starfsemi. Hér fyrir neðan má sjá töflu yfir skiptingu styrkja á milli ólíkra gerða safna og annarra aðila á árinu 2020.

44 viðurkenndum söfnum voru úthlutaðir styrkir af einhverju tagi úr safnasjóði en auk viðurkenndra safna fengu sex aðrir aðilar úthlutað styrkjum úr sjóðnum en safnalög nr. 141/2011 heimila slíka úthlutun.


Tegund safns eða aðrir	Fjöldi aðila	Fjöldi styrkja	Heildarstyrkupp-hæð
Blönduð starfsemi	4	11	8.800.000
Listasafn	11	60	68.995.000
Menningarminjasafn	25	124	128.700.950
Náttúruminjasafn	4	15	16.440.000
Aðrir	6	9	11.898.000
	50	219	234.833.950

Skipting eftir landshlutum

	Fjöldi aðila	Fjöldi styrkja	Heildarstyrkupp-hæð
Höfuðborgar-svæðið	17	72	79.468.000
Vesturland	5	18	20.010.000
Vestfirðir	4	19	17.251.350
Norðurland	12	54	62.677.600
Austurland	4	15	10.032.000
Suðurland	6	30	31.800.000
Suðurnes	3	10	11.145.000
Erlendis	1	1	2.450.000
	52	219	234.833.950


Hvaða starfsemi safna styrkti safnasjóður 2020?


Það er áhugavert að skoða hvers konar verkefni eru algengust en þó getur verið flókið að flokka styrki eftir viðfangsefni. Það er þokkalega auðvelt í tilfelli eins árs styrkja í aðalúthlutun og einnig í seinni úthlutun þar sem umsækjendur merkja við viðfangsefni umsóknar, en *Önd-vegisstyrkir* og styrkir í fyrri úthlutun ársins eru erfiðari í flokkun, þar sem þeir taka oft á tíðum yfir vitt starfssvið safnanna. Safnastarf byggist að mestu leyti á miðlunar- og fræðsluhlutverkinu annars vegar og hinu faglega starfi sem fram fer innan safnsins hins vegar. Svo eru mörg önnur viðfangsefni sem eru styrkt, svo sem reksturinn sjálfur, samstarf og símenntun starfsmanna. Ef reynt er að skipta styrkjum eftir þessum þremur flokkum, kemur í ljós að miðlunarpátturinn er viðamestur; 48% heildarstyrkuppþæðar úr safnasjóði fara í þann þátt, rúmar 112 milljónir króna. Undir miðlun fellur sýningarhald, stafræn miðlun, útgáfa, safnfræðsla og önnur fjölbreytt miðlun líka. 34% heildarstyrkuppþæðar, tæpar 80 milljónir króna fara í að styrkja faglegt starf safnanna, undir það fellur m.a. skráning, rannsóknir og varðveisla. Í aðra þætti safnastarfsins fara 18% af styrkfénu eða um 43 milljónir króna. Þar af fara um 8% af heildaruppþæðinni í þann flokk sem kallast hér *Annað - ýmislegt*, en undir hann falla þau verkefni sem eru fjölþætt og ná yfir mörg verkefni safnastarfsins.



iii. Safnasjóður 2002-2020

Safnasjóður var stofnaður með safnalögum árið 2001 og var fyrst úthlutað úr sjóðnum árið 2002. Sjóðurinn er á fjárlögum á eigin fjárlaganúmeri, 02-918, og hefur ekki aðrar tekjur að jafnaði. Taflan hér fyrir neðan sýnir þróun heildarframlaga í safnasjóð frá upphafi með tilliti til úthlutunar.





B. Viðauki – upplýsingar um rekstur safna og faglegt starf viðurkenndra safna á Íslandi 2019

Frá árinu 2014 hafa viðurkennd söfn skilað *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna* en það er hluti af eftirliti safnaráðs með viðurkenndum söfnum. Skýrslan gefur upplýsingar um liðið rekstrarár og því eru upplýsingar sem birtast hér úr *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna 2020* frá rekstrarárinu 2019. Þessar upplýsingar endurspeglar ekki því ekki COVID-árið 2020. Þær upplýsingar munu birtast í Ársskýrslu 2021 og sýna rekstrarstöðu ársins 2020.

Úr gögnum *Árlegrar skýrslu viðurkenndra safna* má lesa upplýsingar um rekstur þeirra safna sem njóta styrkja úr sjóðnum, auk þess sem þar fæst yfirlit yfir uppruna og ráðstöfun fjármagns í safnastarfi á landsvísi. Sömu leiðis koma fram í þessum gögnum upplýsingar um gestafjölda, fjölda starfsmanna, húsnæðismál, skráningarmál, sýningar, og stöðu öryggismála svo fátt eitt sé nefnt. Á árinu 2019 voru viðurkennd söfn 46 en þau söfn sem þurftu að skila skýrslunni voru 45 þar sem sameining Sagnheima og Sæheima var gengin í gegn við skilin og Kvikmyndasafn Íslands fékk viðurkenningu í lok ársins 2020. 44 söfn skiluðu upplýsingum sem hægt var að vinna úr.

i. Eignarhald/rekstrarform

Tvö söfn eru í ríkiseigu, 15 söfn eru sjálfseignarstofnanir en flest söfnin eru í eigu sveitarfélaga eða 27 talsins.

Meðaltekjur safna í eigu sveitarfélaga eru tæpar 118 m.kr. og hafa aukist lítillega á milli ára. Tekjumunur safna í eigu sveitarfélaga er mikill; það safn sem hefur lægstu tekjurnar er með 5,7 m.kr. í árstekjur en það hæsta er með 731 m.kr. Tvö söfn skera sig þarna úr hvað varðar árs-tekjur; söfn Reykjavíkurborgar, Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafnið en þau eru með 36% af heildartekjum 44 viðurkenndra safna. Meðaltekjur safna í eigu sveitarfélaga án þessara tveggja safna eru 77 m.kr.

Meðaltekjur sjálfseignarstofnana eru 28,3 m.kr., standa nánast í stað frá fyrra ári eins og hefur verið raunin um árabil.

Rekstrarform/eignarhald	Fjöldi	Meðaltekjur	Heildartekjur
Safn í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga	27	121.491.867	3.280.280.401
Sjálfsseignarstofnun	15	28.301.491	424.522.363
Ríkisstofnun (eða undirstofnun)	2	33.010.082	66.020.164
	44	85.700.521	3.770.822.928

ii. Rekstrartekjur


Heildarrekkstrartekjur 44 viðurkenndra safna árið 2019 voru tæpir 3,8 ma.kr. og er það tæplega 6% hækkun eða rétt rúmar 200 m.kr. á milli ára. Upplýsingar frá 2017 og 2018 fylgja til glöggvunar en ekki hafa borist upplýsingar frá sama fjölda safna öll árin auk þess viðurkenndum söfn fjölga reglulega.

Athugið að uppgæfnir styrkir úr safnasjóði eru ekki alltaf hinir sömu og veittir eru á hverju ári, það fer eftir því á hvaða ári styrkurinn er bókfærður hjá safni. T.d. er algengt að símenntunarstyrkir séu bókfærðir ári eftir að þeir fást. Augljóst er þó að bókfærðir styrkir til nokkurra ára eru lægri en heildarstyrkveiting frá safnaráði á sama tímabili. Því má gera ráð fyrir því að í sumum tilfellum séu styrkir bókaðir undir öðrum styrkflokkum og öðrum tekjupáttum. Sem dæmi voru styrkveitingar safnasjóðs til viðurkenndra safna alls tæpar 119 milljónir króna en hér eru talðar 97 milljónir kr. sem styrkir úr safnasjóði.

Heildartekjur viðurkenndra safna	2017 (45 söfn)	2018 (43 söfn)	2019 (44 söfn)
Framlag eigenda - ef við á	2.153.037.569	2.297.885.575	2.587.505.988
Sértekjur, aðgangur	545.878.136	506.890.546	493.865.364
Sértekjur, aðrar	257.739.631	269.608.485	298.091.905
Styrkir úr safnasjóði	91.944.790	104.003.760	97.354.000
Styrkir frá ríki	94.951.674	156.651.255	81.363.492
Styrkir úr sóknar-áætlunum og álíka	48.790.000	69.814.617	73.272.773
Styrkir, aðrir	53.008.698	90.146.858	45.850.303
Aðrar tekjur	68.629.993	71.283.326	93.519.103
	3.313.980.491	3.566.284.422	3.770.822.928

Tafla e

Eigendur safna eða bakhjarlar þeirra láta söfnum í té 69% tekna og er það hækkun frá fyrri árum. Sértekjur, aðgangseyrir og aðrar sértekjur eru 21% og lækka frá fyrra ári. Styrkir eru alls 8% tekna, sem er mikil lækkun frá fyrra ári, en þá voru styrkir um 12% heildartekna. Þar af eru styrkir úr safnasjóði og aðrir styrkir úr ríkissjóði 5% heildartekna. Hluti af fé úr sóknaráætlunum/uppbyggingarsjóðum kemur frá ríkissjóði og hluti frá sveitarfélögum.




Rekstrartekjur á safn


Meðaltekjur 44 safna voru 85,7 m.kr., sem er lítilleg hækkun frá fyrra ári. Heildarrekstrartekjur átta safna voru undir 15 m.kr. á árinu og áhyggjuefni er hve hægt gengur að auka við tekjur minnstu safnanna. Erfitt er að sjá hvernig safn eigi að ná að sinna öllum þeim skyldum sem fylgja því að vera viðurkennt safn með svo lítið rekstrarfé á milli handanna.

20 söfn voru með heildarrekstrartekjur undir 40 m.kr. og því miður fjölgar í þeim hópi safna sem er mikið áhyggjuefni. 10 söfn eru með hærri tekjur en 100 m.kr. í tekjur, fjölgar um eitt frá fyrra ári.

Þessi sjö söfn eru með 2.412 m.kr. í heildartekjur; 64% af heildartekjum allra viðurkenndra safna. Þar af eru tvö í þeim hópi með 36% af heildartekjunum. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þeirra sölur, appelsínugul með 615 m.kr. og rauð með 732 m.kr. Meðaltekjur safnanna, án þessara tveggja safna, eru 57,7m.kr.



iii. Rekstrargjöld



Upplýsingum um rekstrargjöld safnanna er skipt í launakostnað, húsnæðiskostnað (leigugjöld, afborganir lána og rekstrar-kostnað húsnæðis), verkefna-kostnað og annan kostnað. Heildarrekstrargjöld safnanna 44 voru 3.780 m.kr.

Hlutfall alls húsnæðiskostnaðar af rekstri safnanna er samtals 28,5% eða 1.075 m.kr. Þá er átt við leigugreiðslur, greiðslur af húsnæðislánum og annan rekstrarkostnað húsnæðis, s.s. tryggingar, orkukostnað og öryggisvöktun. 26 söfn greiddu einhverja leigu og var hún að

meðaltali 30,1 m.kr., hækkar um 23% á milli

ára. Sex söfn greiddu af húsnæðislánum og 13 söfn gefa hvorki upp leigukostnað né lána-kostnað, þar af taka fimm söfn fram að húsnæði safnsins sé án endurgjalds að fullu, tvö þeirra eiga húsnæðið að einhverju leyti og þrjú þeirra eru í húsnæði án endurgjalds sem eigendur eða bakhjarlar eiga.

Að meðaltali greiða söfn 25% af heildarrekstrarkostnaði í húsnæðiskostnað, þar af greiða 14 minna en 15% af rekstrarkostnaði í húsnæði en fjögur söfn verja 50% eða hærra hlutfalli til slíks kostnaðar. Tvö þeirra safna, sem greiða hæsta hlutfall húsnæðiskostnaðar, eru í eigu sveitarfélaga, annað greiðir um 54% og hitt 58%, þetta hlutfall fer hækkandi á milli ára og er að mestu um að ræða innri leigu á húsnæðinu. Ekki er hægt að segja að það sé eðlilegt hlutfall af rekstrarfé safna sem er rekið af sveitarfélagi.

Hlutfall launagjalda er það sama á milli ára, 51% eða 1.818 m.kr. Líkt og fyrri ár, greiddu tvö söfn engin laun árið 2019. Lægsta hlutfall launakostnaðar af heildargjöldum hjá þeim sem greiddu laun var 16% og hæsta hlutfall launakostnaðar var 91% af heildarkostnaði. Það safn sem greiddi hæsta hlutfallið reiknar engan húsnæðiskostnað.

Meðalhlutfall launakostnaðar af heildarkostnaði var 53% hjá þeim söfnum sem greiddu laun. Meðaltal launakostnaðar hjá söfnunum var 43,3 m.kr. árið 2019. Án tveggja stærstu safnanna er meðaltal launakostnaðar 29,9 m.kr.

Ef skoðuð er rekstrarniðurstaða safnanna, skila átján söfn rekstrarhalla, allt frá rúmum 90 þ.kr. til rúmlega 20 m.kr. Átján söfn skila rekstrarhagnaði, frá 800 þ.kr. til 20 m.kr.

Rekstrarhallinn á sér skýringar í sumum tilfellum, einskiptis gjaldfærð húsaleiga skýrir mesta rekstrarhallann í einu tilfelli, aðskilnaður bókhalds frá bókhaldi eiganda í öðru. Jákvæð niðurstaða skýrist líka í sumum tilfellum af einskiptis tilfellum, s.s. niðurfellingu lífeyrisskuldbindinga. En ljóst er að stundum er þeim tölulegu upplýsingum um rekstur safnanna sem berast safna-ráði í *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna* ábótavant, reynsla fyrri ára sýnir það og hefur áður verið rætt um það á þessum vettvangi.

i. Aðgangseyrir

35 söfn af 44 innheimta að jafnaði aðgangseyri en á 9 söfnum er ókeypis að fara á safnið. Aðgangseyrir fyrir fullorðna fullborgandi gesti er frá 800 kr. upp í 2.000 kr. Meðaltal aðgangs-eyris er 1.288 kr. Einungis tvö söfn rukka aðgangseyri fyrir börn, 300 kr. og 750 kr. 32 söfn rukka aðgangseyri fyrir eldri borgara, frá 500 kr. til 1.800 kr., meðaltalið er 1.020 kr. Aðgangs-eyrir fyrir hópa er að jafnaði lægri en fyrir staka gesti, 35 söfn eru með sérstaka verðskrá fyrir hópa og meðalverðið er 1.012 kr.

ii. Gestafjöldi

Upplýsingar um gestafjölda bárust frá 44 söfnum. Heildargestafjöldinn var 1.171.613 gestir, en var 1.146.334 árið 2018 (hjá 45 söfnum) og 1.234.349 gestir árið 2017 (hjá 43 söfnum), svo það má segja að enginn raunvöxtur hafi verið á síðustu árum í gestafjölda viðurkenndra safna eftir vöxt árin þar á undan. Þetta er áhyggjuefni og óvíst hvað veldur.

Gestafjöldi safnanna árið 2019 var frá 999 gestum til 227.119 gesta og meðalgestafjöldi var 26.628. Þarna sést glögg hve rekstrarumhverfið er ólíkt á meðal viðurkenndra safna. Þrjú söfn fá yfir 100 þúsund gesti og eru þau öll með um og yfir 200 þúsund gesti, þau sem næst koma eru með færri en 50 þúsund gesti. Þessi þrjú aðgangshæstu söfn tóku samtals á móti 622 þúsundum gesta¹², eða 53%. Ef þessi þrjú söfn eru tekin út fyrir sviga, er meðaltal gesta mun lægra eða 13.393 gestir.


Gestafjöldi eftir landsvæðum

Ef skoðuð er skipting eftir staðsetningu safna, kemur glögglega í ljós að söfnin á landsbyggð-inni búa við önnur skilyrði en söfn á höfuðborgarsvæðinu. Jafnmörg söfn eru á Norðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu, 12 talsins, en meðalfjöldi gesta er mun meiri á höfuðborgarsvæðinu, vegna stóru safnanna þriggja. Austurland er með fæsta gesti á safn en á Suðurnesjum er fljótt á litið eins og meðalgestafjöldi sé einstaklega hár. Á því er þó skýring. Byggðasafn og Listasafn Reykjanesbæjar eru í sama húsnæðinu og telja saman inn gestina. Ekki er gerður munur á því hvort safnið heimsótt, svo hver gestur er talinn tvisvar sinnum, inn á bæði söfnin.


Landsvæði	Fjöldi safna	Gestafjöldi 2019	Hlutfall	Meðalfjöldi gesta
Höfuðborgarsvæðið	12	806.422	69%	67.202
Norðurland	12	178.050	15%	14.838
Suðurland	6	75.941	6%	12.657
Suðurnes	2	50.980	4%	25.490
Vesturland	5	25.179	2%	5.036
Vestfirðir	3	22.009	2%	7.336
Austurland	4	13.032	1%	3.258
	44	1.171.613		

Erlendir gestir samanborið við innlenda

¹² Þrjú aðgangshæstu söfnin: Grasagarður Reykjavíkur, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur.



28 söfn reyna að flokka gestakomur sínar nokkuð nákvæmlega, í erlenda og innlenda gesti og fullorðna gesti og börn. Heildargestafjöldi þessara 28 safna eru 767.678 gestir og eru 55% þeirra gesta innlendir gestir og 45% erlendir. 58% gestanna eru fullorðnir og 42% börn.



Æskilegt væri að söfn tækju sig á í skráningum gesta, enda væri mjög gagnlegt að sjá skiptingu gesta eftir t.d. landsvæðum og tegundum safna, þó svo að þær tölur sem fást frá þessum 28 söfnum gefi einhverjar vísbendingar.

iii. Starfsmannamál

Hjá 30 söfnum er forstöðumaður í 100% starfshlutfalli, hjá tveimur þessara safna er forstöðumaður í ólaunuðu starfi. Hjá fjórum söfnum er safnstjóri í 80-90% starfshlutfalli, hjá átta í 50-75% hlutfalli og hjá tveimur söfnum í 15-20% starfshlutfalli.

Heildarfjöldi ársverka 2019 var 201,1 ársverk og er það vart mælanleg aukning frá fyrra ári þegar ársverkin voru 199,9. Tvö söfn segja að engin ársverk hafi verið unnin en á báðum þessara safna eru starfsmenn í sjálfboðavinnu, en til ársverka teljast einvörðungu launuð störf.


Meðaltal ársverka var 4,6 og stendur í stað frá fyrra ári. Tvö söfn skera sig úr varðandi fjölda ársverka, en samtals voru þau með 58 ársverk og án þeirra tveggja lækkar meðaltal ársverka í 3,4.

Söfnun upplýsinga um fjölda starfsmanna er með nokkru öðru móti en fyrri ár þar sem safnaráð sér nú um að safna tölfræðiupplýsingum um starfsemi safna fyrir Hagstofuna. Því hafa þær upplýsingar sem er safnað breyst nokkuð, sem gæti haft áhrif á tölurnar sem uppgefnar eru. Nú skila söfn upplýsingum um fjölda starfsmanna í lok sumars og svo í lok árs. Notast er við upplýsingar um fjölda starfsmanna í lok sumars hér.

Í sumarlök starfa 403 starfsmenn á þessum 44 söfnum, sem er hækkun frá fyrra ári um 24 starfsmenn (athugið breytt fyrirkomulag við talningu). Í árslok starfa 279 starfsmenn, sem þýðir að yfir sumarið eru a.m.k. 124 sumarstörf á viðurkenndum söfnum.


Eins og oft hefur verið greint frá áður, þá virðist safnastarf vera kvennastarf en 277 starfsmenn eru konur eða um 69% af starfslíði safnanna og stendur það hlutfall í stað frá fyrra ári. Engin kynsegin starfaði á safni árið 2019 eða safnstjórar merkja a.m.k. engan úr starfslíði safnsins sem kynsegin eða af -öðru kyni.

Af forstöðumönnum safna gegna karlar starfi forstöðumanns hjá 17 söfnum, eða 39%, og konur veita 27 söfnum forstöðu, eða 61%.



Meðalstarfsmannafjöldi eftir tegund safna er nokkuð jafn en flestir starfsmenn eru á söfnum sem eru með blandaða starfsemi (10,5). Það á sér nokkrar skýringar. Bæði eru oft taldir með þeir starfsmenn sem eru í starfi undir öðrum „sviðum“ starfseminnar og einnig að einungis er um fjögur söfn að ræða. Svipað margir starfsmenn eru að meðaltali á menningarminjasöfnum (9,2) og listasöfnum (8,9), en nú ber svo við að á náttúruminjasöfnum eru starfsmenn aðeins færri (8,3) en kynjahlutfallið er mun jafnara

þar.



Ef tvö stærstu söfnin eru tekin út, þá breytist dæmið allverulega hjá menningarminjasöfnum og listasöfnum. Meðalfjöldi starfsmanna listasafna fækkar um 3,8, í 5,1 starfsmann. Hjá menningarminjasöfnum fækkar meðalfjöldi um 2,9 starfsmenn, í 6,3 starfsmenn. Þetta er gott dæmi um það hversu mikil áhrif fá söfn geta haft á niðurstöðu tölfræðiútreikninga. Hverfandi breytingar verða á hlutfalli karla/kvenna við að taka söfnin tvö út.



Samþykkt á 205. safnaráðsfundi